



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2022

Efni: Umsögn um stjórnartillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þingskjal 169 - 167. mál.

Alþýðusamband Ísland vill lýsa yfir ánægju með fyrirhugaðan flutning framhaldsfræðslunnar til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Þessi fyrirhugaða tilfærsla á málaflokknum eykur líkur á að framhaldsfræðslan fái viðtækara hlutverk við að mæta þörfum vinnumarkaðarins, m.a. vegna tæknibreytinga, auk þess sem hún fái aukið svigrúm til að þróa úrræði til að mæta færni- og hæfnispám.

Með þessum tilflutningi eru litlar líkur á aðskilnaði frá hinu almenna menntakerfi, ef vel er haldið á spöðunum. Það er auðvelt að tryggja áfram tengingu framhaldsfræðslukerfisins við formlega skólakerfið í gegnum þær stofnanir sem hafa það hlutverk að stuðla að auknum gæðum í skólastarfi og þróa menntunarúrræði í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Tenging við vinnumarkaðinn er helsti styrkur framhaldsfræðslunnar, enda kerfið sniðið að þörfum fullorðins fólks með litla formlega menntun. Með þessum flutningi sjáum við mörg tækifæri til að treysta enn frekar tengsl framhaldsfræðslunnar við vinnumarkaðinn.

Virðingarfyllst

Eyrún Valsdóttir
Sviðstjóri fræðslu og þekkingar

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

7. janúar 2022

Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169 — 167. mál.

BHM hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga hljóðar svo: „*Alþingi ályktar, með vísan til 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, að styðja fyrirhugaða breytingu á fjölda og heitum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands sem felur í sér að í stað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis komi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, innviðaráðuneyti, matvælaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.*“

BHM tekur undir það mikilvægi þess að Stjórnarráðið sé sem best í stakk búið til að takast á við þau krefjandi samfélagsverkefni sem fram undan eru í samræmi við áherslur sem lagðar eru í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. BHM fagnar sérstaklega áherslum ríkisstjórnarinnar á bætt umhverfi vinnumarkaðarins og að til verði sérstakt vinnumarkaðsráðuneyti með því að heiti félagsmálaráðuneytisins verði félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

BHM telur þó rétt að áréttu nokkur atriði, m.a. í ljósi þess sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu þessari:

BHM bendir á að ákveðin festa er nauðsynleg í sambandi við stofnanir framkvæmdarvaldsins. Slík festa skiptir máli fyrir alla þá sem hagsmuna eiga að gæta, hvort sem um er að ræða einstaklinga og hagsmunahópa sem samskipti eiga við ráðuneytin, starfsmenn þeirra eða opinberar stofnanir sem undir þau heyra. Breytingar sem þessar auka hættu á lausung og er mikilvægt að koma í veg fyrir að það skapist jafnvel sú hefð að við hver ríkisstjórnarskipti og/eða ráðherraskipti, verði gerðar breytingar á ráðuneytum og eða stofnunum, ráðuneyti sameinuð, lögð niður eða flutt til, með tilheyrandi kostnaðarauka, raski og óþægindum. BHM telur mikilvægt að breytingarnar stefni ekki starfsöryggi sérfræðinga Stjórnarráðsins eða undirstofnana í hættu né vegi að réttindum þeirra að öðru leyti.

Í tölvupósti formanns BHM, Friðriks Jónssonar til forsætisráðherra Katrínar Jakobsdóttur, dags. 3. desember 2021, vegna endurskipulagningar Stjórnarráðsins í kjölfar myndunar nýrrar ríkisstjórnar, var bent á mikilvægi þess að svo viðmikil breyting gerðist í sem breiðastri sátt, samráði og samstarfi við starfsfólk viðkomandi ráðuneyta og stofnana. Þannig mætti tryggja sem mesta og besta samfellu í starfi og draga úr óöryggi og óvissu tengdum þessum breytingum. BHM leggur áherslu á mikilvægi þess að við það rask sem óhjákvæmilega fylgir uppstokkun af þessari stærðargráðu þá komi ekki upp neinn vafi um það undir hvaða ráðuneyti eða stofnun hver og einn málaflokkur eða verkefni þeim tengdum falli. Hætta er á að slíkt komi niður á verkefnum Stjórnarráðsins og koma þarf í veg fyrir að það gerist.

Stjórnarráðið hefur á að skipa háskólamenntaða starfsmenn sem hafa gífurlega þekkingu og reynslu af verkefnum og málefnum Stjórnarráðsins, stefnumörkun og stefnumótun. BHM gerir athugasemdir við að svo virðist sem þekking sérfræðinga Stjórnarráðsins hafi ekki verið nýtt sem skyldi í undirbúningi breytinganna á skipan ráðuneyta sem nú stendur til að festa í sessi, sbr. umsögn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 5. janúar sl. en félagið er eitt af aðildarfélögum BHM. Þá tekur BHM undir ábendingar FHSS um mikilvægi þess að nefndin beini því til forsætisráðuneytisins að viðhaft verði fullnægjandi samráð við sérfræðinga Stjórnarráðsins um innleiðingu fyrirhugaðra breytinga.

Með fyrirhuguðum breytingum er ráðuneytum fjölgað en ekki eru mörg ár síðan að þau voru sameinuð með vísan til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að þörf væri á að efla ráðuneytin og bent á að ein leið að því marki væri að stækka þau með sameiningu. BHM telur mikilvægt að tryggt verði að áfram verði auknir möguleikar sérfræðinga Stjórnarráðsins til sérhæfingar ásamt auknu bolmagni til nýsköpunar og þróunarstarfs þvert á atvinnugreinar en þörfin hefur sjaldan verið meiri að efla nýsköpun á Íslandi. Tryggja þarf öfluga þjónustu og stjórnsýslu til framtíðar í ráðuneytum sem hafa burði til þess að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin og stýra þannig á skilvirkan hátt þeim verkefnum sem löggjafinn felur framkvæmdarvaldinu að sinna á hverjum tíma.

Að lokum áréttar BHM mikilvægi þess að öllum þeim starfsmönnum sem sinna störfum sem munu flytjast milli ráðuneyta verði boðið að flytjast með viðkomandi málefni án þess að breytingar verði gerðar á starfskjörum þeirra skv. kjarasamningum og stofnanasamningum, sbr. 21. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.



F.h. BHM

Erna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri BHM



Umsögn

Viðtakandi: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Sendandi: Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins

Dagsetning: 05.01.2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169
— 167. mál.

Þann 17. desember 2021 barst Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) umsagnarbeiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Frestur til umsagnar var upphaflega veittur til 4. janúar 2022 en síðar til 7. janúar sama ár.

Með umræddri þingsályktunartillögu forsætisráðherra er leitað eftir stuðningi Alþingis við fyrirhugaða breytingu á heiti og fjölda ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Fyrirhuguð fjölgun ráðuneyta og breyting á heitum þeirra er lokaáfangi í umfangsmiklum breytingum á skipulagi Stjórnarráðs Íslands sem kynntar voru í tengslum við myndun nýrrar ríkisstjórnar í lok nóvember sl.

Innan Stjórnarráðsins er að finna gífurlega þekkingu og reynslu af stefnumörkun og stefnumótun. Má það að vissu leyti rekja til þess að á undanförmum árum hefur markvisst verið unnið að því að innleiða trausta og vandaða þekkingu á þeim sviðum hjá sérfræðingum Stjórnarráðsins, m.a. með námskeiðum á vegum Stjórnarráðsskólans. FHSS er ekki kunnugt um að þessi þekking sérfræðinga Stjórnarráðsins hafi verið nýtt sem skyldi í undirbúningi þeirra breytinga á skipan ráðuneyta sem nú stendur til að festa í sessi. FHSS bendir á mikilvægi þess að nefndin beini því til forsætisráðuneytisins að viðhaft verði fullnægjandi samráð við sérfræðinga Stjórnarráðsins um innleiðingu fyrirhugaðra breytinga.

Þá leggur FHSS ríka áherslu á að við innleiðingu fyrirhugaðra breytinga verði gætt að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kjarasamningum og stofnanasamningum og tryggt verði að enginn sérfræðingur Stjórnarráðsins beri skarðan hlut frá borði í kjölfar breytinganna.



Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Umsagnaraðili: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Dags: 7. janúar 2022

Í greinargerð um mennta- og barnamálaráðuneyti er lítið fjallað um skipan menntunar á skólastigunum þremur, leik- grunn- og framhaldsskóla. Hið síðastnefnda skólastig heyrir beint undir ráðuneytið og er afar umfangsmikið. Íslenski framhaldsskólinn sinnir jöfnum höndum ungu fólki og fullorðnum, en stærstur hluti verknámsnemenda er fullorðið fólk. Sem dæmi, þá útskrifuðust 137 einstaklingar frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í desember síðastliðnum. 34 þeirra, eða um 25% voru á framhaldsskólaaldri (21 árs og yngri), hinir voru eldri. Meðalaldur útskrifaðra að þessu sinni voru rúm 30 ár.

Tenging verknáms við atvinnulíf er nauðsynleg, ef verkmenntun á að verða það tæki til eflingar atvinnulífs sem að er stefnt í opinberri umræðu. Með nokkrum rétti mætti halda því fram að ef eitthvert nám eigi heima undir iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, þá sé það sérhæfð verkmenntun á framhalds- og háskólastigi. Mikil vöntun er á vandaðri umfjöllun um verkmenntun á Íslandi með aðkomu allra hagaðila. Hvatt er til þess að sú vinna verði sett af stað í tengslum við þessa uppstokkun á ráðuneytunum.

Loks vil ég tjá þá skoðun að fyrirliggjandi frumvarp og greinargerð með því sýnist endurspegla þá sýn að æðri menntun og menning séu fyrst og fremst hagvaxtartæki. Með því að tengja menningu við viðskipti og háskólamenntun við iðnað og nýsköpun er hætt við smættun á veigamiklu hlutverki þessara grunnstoða vísku, sköpunar og lífsgleði í landinu.

Reykjavík, 7. janúar 2022,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

167. mál frá nefndasviði Alþingis.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir mér og öðrum skólameisturum framhaldsskóla, til umsagnar, tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Ég sendi neðangreindar athugasemdir í samráði við Kristinn Þorsteinsson, formann Skólameistarafélagsins og skólameistara FG, sem og í samráði við nokkurn hóp skólameistara. Þær eru ekki tæmandi úttekt á tillögupakkanum.

Staða framhaldskólans þarf að vera skýr í svona plaggi og ljóst undir hvaða ráðherra skólastigið heyrir. Það virðist sem eitt ráðuneyti taki á málefnum barna upp að 18 ára aldri og þar með þeim skólastigum sem því aldursbili tilheyra.

Það er hins vegar ekki nóg. Af lestri tillögunnar fæ ég með góðu móti ekki séð að hugsað hafi verið til enda hver staða framhaldsskólans er í þessum máli. Nýskipaður ráðherra hefur rætt um börn á framhaldsskólastigi, sem eru þá nemendur undir 18 ára aldri. Hvað með önnur þrep þess?

Skv. Hagstofu Íslands voru skráðir nemendur á framhaldsskólastigi 21.186 á árinu 2019. Þar af voru. liðlega 8.000 (38%) nemenda skólastigsins undir 18 ára aldri. Með öðrum orðum, - 62% þeirra nemenda sem voru skráð í nám í framhaldsskólum voru 18 ára eða eldri. Því miður veitir Hagstofan ekki nýrri tölur en þetta hefur tæplega breyst mikið.

Í þingsályktunartillögunni er framhaldsskólinn ekki nefndur á nafn. Sem er bagalegt því innan hans fer fram margslungið nám sem skilgreint er í námskrá, bundið í lög og veitir löggilt starfsréttindi. Ekki má gleyma því að í framhaldsskólum er nám á fjórða þrepi sem er í raun nám á fagháskólastigi og hvar á það heima? Að auki standa flestir ef ekki allir skólanna að heilsueflingu og umhverfisfræðslu, t.d. í grænánaverkefninu. Enda veitir ekki af að ala börnin okkar upp með góða heilsu-og umhverfisvitund, því þau þurfa að takast á við vandasama framtíð.

Ég leyfi mér einnig að benda á að í stjórnarsáttmálanum nýja er framhaldsskólinn einungis nefndur tvívegis, annars vegar í opinni setningu um fjármögnun og hins vegar um það að efldar verði jafnréttis- og kynfræðsla og ofbeldisforvarnir. Hvort um sig mikilvæg mál en það þarf að skoða hvernig hagur og nám tveggja þriðju hluta nemenda á framhaldsskólastigi verði skilgreindur inn í þetta nýja og spennandi kerfi.

Með vinsemd og virðingu
Magnús Þorkelsson,
Skólameistari Flensborgarskólans.

Breytt skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.


Umsögn

Fyrir hönd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu legg ég til að framhaldsskólar verði fluttir frá Mennta- og barnamálaráðuneyti í Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.

Rök fyrir flutningi:

1. Einungis ríflega þriðjungur (37% árið 2020) nemenda í framhaldsskólum eru yngri en 18 ára og vaxandi hluti nemenda eru í starfsnámi þar sem hlutfallið er enn lægra.
2. Mikil þróun og uppbygging á sér stað í starfsnámi og tenging þess náms við nýsköpun og atvinnulífið er mjög mikilvæg.
3. Samfella úr starfsnámi á framhaldsskólastig yfir í háskólanám er mjög mikilvæg; bæði til að þróa fagháskólanám á 4. þrepi og fyrir áframhaldandi nám á 5. og 6. þrepi.

4. janúar 2022



Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2022

Efni: Umsögn um stjórnartillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þingskjal 169 – 167. mál.

Tillagan felur í sér að í stað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis komi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, innviðaráðuneyti, matvælaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Tekið er undir þau sjónarmið sem sett eru fram í greinargerð að forsenda árangursríkrar og skilvirkar stjórnsýslu sé að skipulag og verkaskipting sé með þeim hætti að stjórnsýslan sé í stakk búin til að mæta áskorunum, þörfum og verkefnum á hverjum tíma.

Eðli máls samkvæmt snerta mörg málefni samfélagsins – ef ekki flest – og þar með ráðuneytanna, Háskóla Íslands ýmist beint eða óbeint. Í því efni er þverfagleg nálgun og samvinna einkar mikilvæg.

Af hálfu Háskóla Íslands er ekki tekin afstaða til kostnaðar sem leiða mun af breyttu skipulagi stjórnarráðsins, en bent er á að af orðalagi í greinargerð með tillögunni má ráða að stofnanir sem starfa í mjög nánum tengslum við Háskóla Íslands muni ekki verða vistaðar í sama ráðuneyti og háskólar, þ.e. ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, heldur í ráðuneyti menningar og viðskipta. Er þar einkum átt við Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þjóðminjasafn Íslands, sem allar eru staðsettar á háskólalóðinni og eru órjúfanlegur hluti fræða- og vísindastarfs háskólans. Þessar stofnanir eru að lögum skilgreindar sem háskólastofnanir í þeirri merkingu að þar eru stundaðar rannsóknir og veitt þjónusta í nánú samstarfi við háskóla og í þeirra þágu. Menntun, rannsóknir og menning eiga í því samhengi skýra samleið og liggur þar löng saga að baki. Sérstakir samstarfssamningar eru á milli Háskóla Íslands og þessara stofnana þar sem samstarfið er nánar útfært.


Hvað varðar Landsbókasafn – háskólabókasafn, þá lagði Háskóli Íslands bókasafn sitt inn í hið sameinaða safn árið 1994. Samkvæmt lögum er safnið þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands, rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn og er ætlað að sinna virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Safnið er í reynd ein af grunnstoðum háskólastarfseminnar, s.s. hvað varðar aðgang að bókakosti og vísindaefni, rafrænum tímaritum og gagnagrunnum, kaupum á erlendu vísindaefni, samvinnu um innleiðingu opins aðgangs að vísindagreinum, reksturs safns námsritgerða (skemman.is), svo fátt eitt sé nefnt. Um er að ræða náið daglegt samstarf sem snertir beint kennslu og rannsóknir í þágu samfélagsins.

Hið sama á við um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem gerð var að sjálfstæðri stofnun árið 2006, en heyrði áður undir Háskóla Íslands og var hluti af starfsemi hans. Samkvæmt lögum hefur stofnunin eftir sem áður náin tengsl við starf Háskóla Íslands á sviði rannsókna og menntunar er tengist íslenskum fornritum og varðveislu þeirra og skyldum greinum. Starfsfólk stofnunarinnar kemur að kennslu og nemendur hafa aðgang að gögnum stofnunarinnar og eiga kost á að vinna þar að rannsóknaverkefnum undir handleiðslu sérfræðinga.

Samkvæmt lögum er Þjóðminjasafnið háskólastofnun sem er miðstöð varðveislu og rannsókna menningarminja og miðlunar á hvers konar þekkingu sem lýtur að sögu þjóðarinnar, sbr. c. lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2011. Náð samstarf er við Háskóla Íslands, einkum á sviði kennslu og rannsókna í fornleifafræði og þjóðfræði, auk skyldra greina og hafa háskólinn og safnið nýlega endurnýjað samstarfssamning sinn sem nær til samstarfs um kennslu, starfsþjálfun og samvinnu um rannsóknir og miðlun. Forsendur samningsins eru m.a. að Háskóli Íslands veitir nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu og stunda rannsóknir í þágu íslensks samfélags og að kennsla og rannsóknir innan háskólans tengjast starfsemi Þjóðminjasafnsins.

Af hálfu Háskóla Íslands er lögð rik áhersla á að til þess verði sérstaklega horft við staðsetningu stofnana innan nýrra ráðuneyta að framangreindar þrjár stofnanir falli undir ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar.

Virðingarfyllst,



Jón Atli Benediktsson, rektor



Alþingi
Nefndarsvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dags.: 7. janúar 2022
2011076 MJN

Efni: Umsögn Háskólans á Bifröst um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál

Háskólinn á Bifröst fagnar tillögum um skiptingu ráðuneyta. Í þeim felst gífurlegt tækifæri. Skipan ráðuneyta og embættismannakerfis á Íslandi byggir enn á svipaðri hugsun og í upphafi 20. aldar. Því er löngu tímabært að endurskoða skipan mála. Þörf er á að laga starfsemi ráðuneyta að 21. öld og kjörið tækifæri að hefja verkið í þessum málaflokki.

Breytingin býður upp á tækifæri til að endurskoða annars vegar skiptingu málaflokka og hins vegar lögbundið hlutverk ráðuneytanna.

Skipting málaflokka.

Mikilvægt er fyrir háskólana að öll starfsemi þeirra rúmist innan eins ráðuneytis. Þannig þarf að koma því þannig fyrir að endurmenntun, háskólabókasöfn og háskólagátt fari einnig undir nýtt ráðuneyti. Málefnum þeirra sem eru 18 ára og eldri og eru í framhaldsskólum þarf einnig að finna stað.

Hlutverk ráðuneytanna.

Rétt eins og lögreglan hefur skilgreint sig sem þjónustustofnun í takt við nýja tíma, felst tækifæri breytinganna sem hér um ræðir meðal annars í að skilgreina ráðuneytin sem þjónustu og eftirlitsstofnanir þjóðarinnar sem framfylgja og hrinda í framkvæmd stefnu kjörins ráðherra. Ef breytingin er aðallega fólgin í því að færa til málaflokka og skipta þeim á milli ráðuneytanna er hætta á að ekki takist að búa til skilvirk ráðuneyti sem hafa frumkvæði að því að framfylgja stefnu stjórnvalda og þjónusta þá sem til ráðuneytisins leita.

Hugrekki breytinganna þarf að fela í sér að taka upp og spyrja að tilgangi ráðuneytanna, hvernig þau geti sem best þjónað og haft eftirlit með öðrum opinberum stofnunum, sjálfseignastofnunum og einkageiranum svo nokkuð sé nefnt. Þannig má einnig merkja ákveðna mótsögn í yfirlýsingu stjórnarsáttmálans um að stokka upp ráðuneytin á sama tíma og gefin er út yfirlýsing í fjölmiðlum um að allir haldi starfinu sínu. Mannlegt eðli felur í sér að þannig höldum við áfram að gera eins og áður.

Tækifærið sem við stöndum frammi fyrir gefur tilefni til að líta til erlendra fyrirmýnda sem gætu minnkað þá togstreitu sem ríkir oft milli kjörinna fulltrúa í



ráðuneytum og embættismanna, togstreitu sem bitnar á þeim sem leita til ráðuneytanna og kemur í veg fyrir framgang mála. Stjórnámálamenn eru kjörnir af þjóðinni og embættismenn ráðnir inn samkvæmt ferli. Tækifæri breytinganna gæti falist í því að endurskoða samstarf embættismanna og kjörinna fulltrúa inni í ráðuneytum þannig að skýrt sé að embættismenn framfylgi stefnu ráðherra svo lengi sem hún stenst lög. Önnur lönd hafa mjög ólíkan máta hvað þetta varðar. Fjöldamörg dæmi eru um að sérhverjum ráðherra fylgi hópur sérfræðinga á sviði ráðuneytisins. Um ræðir sérfræðinga sem ráðherra velur sjálfur og treystir til að aðstoða sig við að framfylgja stefnu stjórnarinnar. Þannig er betur tryggt að ráðherra geti náð fram stefnumiðum sínum. Starfssviðin gætu verið endurskoðuð með það fyrir augum að ráðuneytin hafi stefnumótandi hlutverk um menntun í landinu, stefnu sem er sett í upphafi kjörtímabils en ekki í lok þess eins og gerðist með menntastefnu Íslands. Vinna kjörtímabilsins færi svo í að framfylgja stefnunni sem mótuð er í upphafi og þannig fæðist ráðuneyti sem ekki einungis sinnir eftirliti og þjónustu heldur hefur einnig frumkvæði og áhrif.

Loks felst tækifæri í breytingunum til að endurskoða samband ráðuneyta við sjálfseignastofnanir og einkageirann til að það takmarkist ekki við eftirlitshlutverk heldur sé nýtt tækifæri til að fela háskólunum sem eru sjálfseignastofnanir ákveðin verkefni.

Virðingarfyllst,

Margrét Jónsdóttir Njarðvík
rektor

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2022

Efni: Umsögn um stjórnartillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þingskjal 169 - 167. mál.

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, vill með umsögn þessari við þingsályktunartillögu um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169 — 167. mál, lýsa yfir stuðningi við fyrirhugaðan flutning málaflokksins „framhaldsfræðsla“ til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Tengsl framhaldsfræðslunnar við atvinnulífið

Í lögum um framhaldsfræðslu, (27/2010), er framhaldsfræðsla skilgreind sem hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Þar segir einnig um tilhögun framhaldsfræðslu að hún skuli miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, fyrirtækja og atvinnulífs. Að jafnaði skuli námsframboði háttað þannig að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Haft skal samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 15. gr.

Þannig hefur framhaldsfræðslan í gegnum árin verið farvegur þúsunda einstaklinga í atvinnulífinu aftur inn í skólakerfið í samstarfi við hið opinbera, starfsmenntasjóði og aðila vinnumarkaðarins, til dæmis með því að sækja nám í vottuðum námsleiðum sem meta má til eininga í framhaldsskólum og/eða háskólabrúum. Þá hefur mikill fjöldi einstaklinga á vinnumarkaði farið í gegnum raunfærnimat og fengið viðurkenningu á fyrri reynslu og þekkingu til styttingar náms. Mjög margir hafa einnig styrkt stöðu sína á vinnumarkaði og sótt vinnustaðanám með raunfærnimati á móti viðmiðum atvinnulífsins.

Styrkleikar framhaldsfræðslunnar

Styrkur framhaldsfræðslunnar liggur meðal annars í góðum tengslum við vinnumarkaðinn enda er framhaldsfræðslukerfið smíðað utan um hann og fullorðið fólk innan hans, sem hefur litla formlega menntun. Framhaldsfræðslan er ekki skilgreind sem formlegt skólakerfi og á því ekki endilega samleið með slíkum kerfum. Eins eru framhaldsfræðsluaðilar ekki skilgreindir í íslensku skólakerfi sem formlegir skólar, þrátt fyrir að þeir sinni veigamiklu hlutverki við að hækka menntunarstig þjóðarinnar í gegnum framhaldsfræðslu með því að veita fullorðnu fólki annað tækifæri til náms.

Annar mikilvægur styrkur framhaldsfræðslunnar er mikill sveigjanleiki. Framhaldsfræðslukerfið getur brugðist hraðar við samfélagsbreytingum heldur en formlega skólakerfið og þannig aðlagð sig hraðar að breytingum á vinnumarkaði. Þetta hefur sýnt sig margoft, m.a. þegar þrengingar verða á vinnumarkaði.

Stjórnsýsluleg staða framhaldsfræðslunnar

Með tilflutningi framhaldsfræðslunnar til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis sjá fræðsluaðilar tækifæri til að treysta enn frekar tengsl hennar við vinnumarkaðinn. Vegna sveigjanleika framhaldsfræðslunnar er tilvalið að nýta kerfið enn frekar, meðal annars til að mæta þörfum atvinnulífsins sem snúa að tæknibreytingum og þeim hópi á vinnumarkaði sem telst vera í viðkvæmri stöðu gagnvart breytingunum, þ.e. yngra fólki með litla menntun, eldra fólki (60+) og innflytjendum.

Hugsa má framhaldsfræðslukerfið sem mikilvægan grundvöll til að halda utan um réttlát umskipti starfa, t.d. í tengslum við loftlagsmál. Þá mætti nýta kerfið betur til að efla gerð hæfnigreininga starfa og hæfnispár á vinnumarkaði, sem og til að svara betur þörfum innflytjenda (um mat á þekkingu, fyrra námi og reynslu og þeim sem vilja læra íslensku).

Í greinargerð með frumvarpi sem síðar varð að lögum um framhaldsfræðslu kemur fram að áhersla sé lögð á að einstaklingum „...standi til boða að ljúka viðurkenndu, einingabæru námi sem tryggji viðkomandi rétt til áframhaldandi náms, þ.e. náms á framhalds- eða háskólastigi.“ Þó svo að málaflokkur framhaldsfræðslu færist frá mennta- og menningarmálaráðuneyti yfir í nýtt ráðuneyti félags- og vinnumarkaðar þarf slíkur tilflutningur síður en svo að auka líkurnar á fjarlægð og aðskilnað framhaldsfræðslu frá hinu almenna menntakerfi. Vel má tryggja áfram mikilvæga samtengingu framhaldsfræðslunnar við formlega skólakerfið í gegnum þá stjórnsýslustofnun á sviði menntamála sem hefur það mikilvæga hlutverk að stuðla að auknum gæðum skólustarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Ríkisstofnanir leika stórt hlutverk við að vinna málum brautargengi þvert á ráðuneyti ef svo ber undir enda verður þverfagleg nálgun og samvinna kerfa sífellt mikilvægari.

Kvasir bindur miklar vonir við fyrirhugaða tilfærslu málaflokksins yfir í ráðuneyti félags- og vinnumarkaðar fái framhaldsfræðslan víðtækara hlutverk við að mæta ákalli vinnumarkaðarins vegna tæknibreytinga og umskipti starfa þess vegna, sem og vegna loftslagsbreytinga. Framhaldsfræðslunni verði þannig gert kleift að veita því fullorðna fólki, sem er í hvað mestri hættu á að sitja eftir vegna örra samfélagsbreytinga, víðtækan stuðning. Þá bindur Kvasir vonir við að samhliða tilfærslunni verði farið í löngu tímabæra endurskoðun á löggjöf um framhaldsfræðslu, sem setið hefur á hakanum í mennta- og menningarmálaráðuneytinu í fjöldamörg ár, og það verði gert á grundvelli stefnumótunar víðtæks samráðs við hagaðila.

Tækifæri fyrir framhaldsfræðslukerfið og notkun þess eru mikil og því brýnt að nýta það betur og í fleiri áttir enda mikil samfélagsleg auðlind sem ákveðin sátt ríkir um. Það er því fagnaðarefni að ríkisstjórnin horfi til þessa í stjórnarsáttmála sínum. Þróun framhaldsfræðslunnar hefur stöðugt verið í þá átt að styrkja tengingu við aðila vinnumarkaðarins. Því er mikill samhljómur með þeirri þróun og þeirri ákvörðun stjórnvalda að flytja framhaldsfræðsluna yfir í það ráðuneyti sem sér um vinnumarkaðinn.

Virðingarfyllt,

f.h. Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva,



Sólveig Hildur Björnsdóttir

Formaður

solveig@mimir.is

Í Kvasi, samtökum fræðslu og símenntunarmiðstöðva, eru: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Framvegis miðstöð símenntunar, Mímir-símenntun, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – símenntun á Norðurlandi vestra, Símey, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Viska fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi.

Umsögn

Tilvísun 2022-811 – 0.25



3. janúar 2022

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Landgræðslunni barst þann 17. desember sl. rafpóstur frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Meðfylgjandi rafpóstinum var tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar og til þess veittur frestur til 4. janúar. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, með vísan til 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, að styðja fyrirhugaða breytingu á fjölda og heitum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands sem felur í sér að í stað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis komi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, innviðaráðuneyti, matvælaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.“

Landgræðslan gerir hvorki athugasemdir við ný og breytt heiti ráðuneyta né heldur við þau verkefni sem færast þeirra á milli.

Stofnunin telur þó rétt að áréttu hér, m.a. í ljósi þess sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu þessari, sem og með vísan til forsetaúrskurðar nr. 125/2021 (dags. 28. nóv. sl.) að ljóst þykir að þó að Landgræðslan flytjist nú úr ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála yfir í það ráðuneyti sem bera mun heitið matvælaráðuneyti þá munu ýmis verkefni áfram falla undir málefna svið eldra ráðuneytis.

Landgræðslunni var t.a.m. falið það hlutverk á síðasta kjörtímabili að halda utan um allan LULUCF (Land Use, Land-Use Change and Forestry) hlut loftslagsbókhaldsins og annast alla gagnaöflun og skráningu fyrir landflokka aðra en skógrækt, til viðbótar við aðrar almennar aðgerðir sem tengjast loftslagsmálum og landgræðslu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum þá munu málefni sem falla undir þessa málaflokka nú deilast á milli *matvælaráðuneytis* annars vegar og *umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis* hins vegar.

Mjög mikilvægt er að við það rask sem óhjákvæmilega fylgir uppstokkun sem þessari þá komi ekki upp neinn vafi um það hvar þessi eða hinn málaflokkurinn eigi heima eða verkefni þeim tengdum. Slíkt kæmi einungis niður á verkefnum og alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslands.

Virðingafyllt

f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason, landgræðslustjóri



Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2022
Tilvísun: 202112-0018 / 0.11.2

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands – 152. löggjafarþing, þingskjal 169 – 167. mál

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) er skv. lögum nr. 142/2011 þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Það sinnir virkri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Það er ennfremur forustusafn bókasafna landsins skv. bókasafnalögum nr. 150/2012 og stuðlar að samstarfi, samræmingu og þróun starfshátta bókasafna og veitir öðrum söfnum faglega ráðgjöf, sinnir rannsóknum á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði. Þá tekur safnið þátt í sameiginlegum verkefnum bókasafna um land allt, s.s. sameiginlegu bókasafnskerfi sem rekið er af þjónustumiðstöð bókasafna, Landsaðgangi að rafrænum tímaritum, og sameiginlegum innkaupum á rafrænu vísindaefni, gæðamálum, aðgengi o.fl. Milli safnsins og Háskóla Íslands er [samstarfs-samningur](#) og með hann fer sérstök samstarfsnefnd. Samningurinn er nú í endurskoðun.

Skipan í stjórn safnsins endurspeglast í þessum áherslum, en þar eru tveir fulltrúar tilnefndir af háskólaráði Háskóla Íslands, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, einn af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, einn af starfsfólki safnsins, og einn skipaður án tilnefningar.

Nýjar tillögur um breytta skipan ráðuneyta eru skynsamlegar um margt, en koma ekki vel út hvað varðar Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn eða bókasafnamál almennt, en þau mál hafa verið á við og dreif í stjórnkerfinu, og verða það áfram skv. þessum tillögum.

Safnið hefur fallið undir skrifstofu menningarmála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og það fyrirkomulag hefur gengið vel, en starfsfólk safnsins hefur í auknum mæli leitað eftir samstarfi við skrifstofu háskóla og vísinda í sama ráðuneyti, sem bókasafn Háskóla Íslands og vegna sífellt aukinnar þjónustu og samstarfs við háskóla- og vísindasamfélagið í landinu.

Meðal verkefna Lbs-Hbs sem tengjast öllum háskólunum má nefna:

- Landsaðgangur að rafrænum tímaritum og gagnagrunnum – hvar.is
- Þátttaka í minni samlögum um kaup á erlendu vísindaefni
- Samstarf um ritakaup fyrir svið og deildir HÍ
- Þátttaka í rekstri bókasafnskerfanna gegnir.is og leitir.is
- Samstarfsnefnd háskólabókavarda – fulltrúar frá bókasöfnum allra háskólanna
- Þátttaka í Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista
- Samvinna um innleiðingu opins aðgangs og opinna vísinda ásamt þátttöku í stefnumótun
- Innleiðing rannsóknupplýsingakerfisins ÍRIS og varðveislusafnsins Opinna vísinda

- Þátttaka í OpenAIRE Evrópuverkefningu um opinn aðgang
- Rekstur upplýsingavefjarins openaccess.is
- Þátttaka í DOAJ (Directory of Open Access Journals)
- Rekstur skemman.is – sem er safn námsritgerða allra háskólanna
- Stafrænar endurgerðir sögulegs efnis bæði fyrir almenning og vísindasamfélagið s.s.
 - o timarit.is
 - o bækur.is
 - o handrit.is
 - o islandskort.is
- Kennsla og fræðsla um upplýsingaleiðir
- Leiðarvísasafnið – heimildir fyrir einstakar námsgreinar háskólanna
- Rekstur Turnitin endurgjafar og ritrýni hugbúnaðarins fyrir háskóla og framhaldsskóla
- Samstarf við Ritver HÍ
- Miðstöð millisafnalána fyrir allt landið
- Almenn og sérhæfð upplýsingaþjónusta
- Lesaðstaða fyrir nemendur og fræðimenn, auk almennra safngesta

Safnið er jafnframt ein stærsta menningarstofnun landsins og er skv. lögum forystusafn íslenskra bókasafna. Það á mikilvægt og árangursríkt samstarf við önnur háskóla- og sérfræðisöfn sbr. upptalningu hér að framan, en einnig við aðrar menningarstofnanir. Það varðveitir alla íslenska prent- og tónlistarútgáfu, landakort ofl. sbr. lög um skylduskil til safna nr. 20/2002. Það varðveitir einnig umfangsmikil handrita- og bréfasöfn, viðtöl og hljóðupptökur og afrit af íslenskum vefsíðum, og kappkostar að veita aðgang að þessu efni, bæði í safninu og á vef með stafrænum endurgerðum. Safnið tekur virkan þátt í rekstri bókasafnskerfanna Gegnir og Leitir. Fulltrúar safnsins unnu að mótun nýlegrar menningarstefnu, *Menningararfurinn*, sem menningarstofnanir ríkisins tóku þátt í að móta árið 2020 undir forystu Minjastofnunar. Þá stendur safnið einnig fyrir viðburðum og sýningum og miðlar margvíslegu menningarefni á vef.

Því er lagt til að fella niður ósýnilega múra stofnanamenningar og stuðla að samvinnu, samráði og samhæfingu innan stjórnarráðsins, eins og segir í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, og tengja starfsemi safnsins bæði menningar- og viðskiptaráðuneyti og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti. Mikilvægt er að málið sé rætt með tilliti til mikilvægis stofnunarinnar fyrir báða málaflokka og að það fái öflugna tengiliði í báðum ráðuneytum.


 Ingibjörg Steinunn Sværisdóttir
 landsbókavörður

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar¹ um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169- 167. mál

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og Alþingi varðandi hana.

Samtökin fagna því og styðja að „stjórnarmálefnið mannréttindi og mannréttindasáttmálar færist til forsætisráðuneytis.“

Samtökin trúa því og treysta að sú breyting sé til þess fallin að, án frekari tafa, verði hrint í framkvæmd þingsályktunartillögum, sem Alþingi samþykkti mótatkvæðalaust en dómsmálaráðuneytið hefur af einhverjum ástæðum ekki framfylgt, um að leggja fram frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks „með það að markmiði að samningurinn verði lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020“² og um að valkvæður viðauki við samning SP um réttindi fatlaðs fólks skyldi „fullgiltur fyrir árslok 2017“.³

Þá trúa samtökin því og treysta að ef stjórnarmálefnið mannréttindi og mannréttindasáttmálar færist frá dómsmálaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins sé auknar líkur á að íslenska ríkið standi loks og án frekari tafa við þá þjóðréttarlegu skyldu, sem það tók á sig þegar það fullgilti samning SP um réttindi fatlaðs fólks fyrir meira en 5 árum síðan, að setja á fót sjálfstæða mannréttindastofnun, sem uppfyllir svokölluð Parísarviðmið (e. Paris Principles) til að hafa eftirlit með mannréttindum fatlaðs fólks.

Landssamtökin Proskahjálp fagna því og styðja að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið taki við „þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá dómsmálaráðuneytinu“. Eins og samtökin hafa ítrekað bent á hefur, að mati þeirra, mikið skort á að dómsmálaráðuneytið hafi tryggt að fatlað fólk, sem sótt hefur um hæli hér á landi eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum, hafi notið þeirrar verndar og réttinda sem íslenska ríkinu ber að tryggja því samkvæmt samningi SP um

¹ Landssamtökin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum.

² <https://www.althingi.is/altext/149/s/1690.html>

³ <https://www.althingi.is/altext/145/s/1693.html>

réttindi fatlaðs fólks og íslenskum lögum. Samtökin trúá því og treysta að þessi breyting á verka-og ábyrgðarskiptingu ráðuneyta sé til þess fallin að auka líkur á að úr því verði bætt þó að dómsmálaráðuneytið muni „áfram fara með réttaraðstoð og hefðbundna stjórnsýslu við afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og dvalarleyfi hér á landi.“ Samtökin skora á dómsmálaráðuneytið að gera það sem gera þarf til að tryggja að fatlaðir hælisleitendur njóti í raun þeirra mannréttinda og verndar sem þeim ber að njóta samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og öðrum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist sem og íslenskum stjórnsýslulögum.

Það hlýtur að vekja athygli að í umfjöllun um félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í þingsályktunartillögunni er ekki minnst á fatlað fólk. Ekki verður þó séð að fyrirhugðar séu breytingar á því að ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk og eftirlit með henni verði á verksviði félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra, sbr. lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, öll með síðari breytingum.

Fötluð börn njóta sérstakrar verndar samkvæmt þessum lögum, enda eru þau óumdeilanlega sá hópur barna sem berskjaldaðastur er og allar rannsóknir sýna svo ekki verður um villst að mest hættu er á að fari á mis við réttindi, vernd og tækifæri. Fötluð börn njóta líka sérstakrar verndar og réttinda samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í markmiðsgreinum (1. gr.) frammanefndra laga er mælt fyrir um að við framkvæmd þeirra skuli samningnum framfylgt (l. 38/2018, l. 40/1991) eða hann hafður til viðmiðunar (l. 88/2011).

Ráðgjafar- og greiningarstöð gegnir augljóslega og óumdeilanlega algjöru lykilhlutverki m.t.t. fatlaðra barna, sbr. ákvæði laga um stofnunina nr. 83/2003. Landssamtökin Þroskahjálpi telja því engin haldbær rök fram komin sem styðja fyrirætlanir samkvæmt þingályktunartillögunni um að flytja Ráðgjafar- og greiningarstöð frá félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytinu til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Samtökin telja þá breytingu alls ekki vera í þágu fatlaðra barna og alls ekki til þess fallna að tryggja betur samfellu í þjónustu við fötluð börn og farsæld þeirra eins og ríkisstjórnin leggur áherslu á að skuli gert.

Þá ítreka samtökin enn að bráðnauðsynlegt er að Ráðgjafar- og greiningarstöð sinni þjónustu við fullorðið fatlað fólk í mun meira mæli en verið hefur.

Með vísan til framangreinds skora Landssamtökin Þroskahjálpi því á ríkisstjórnina, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og Alþingi að endurskoða fyrirætlun um flutning Ráðgjafar- og greiningarstöðvar frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Í 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir:

„Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu.“⁴

Þá segir í bráðabirgðákvæði í lögumum að fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skuli bjóðast aðrir búsetukostir.

Í 1. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, segir:

„Við framkvæmd laga þessara **skal framfylgt** þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“ (feitltr. og undirstr. Proskahj.)

Í 19 gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur yfirskriftina „Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu“ segir m.a.:

„Aðildarríki að samningnum skulu „gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja ...að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi.“

Þrátt fyrir þessar skýru lagalegu og þjóðréttarlegu skyldur íslenskra stjórnvalda til að tryggja fötluðu fólki tækifæri til að eiga eigið heimili og hafa þar með einnig raunhæf tækifæri til að njóta margvíslegra annarra mannréttinda, sem því tengjast óaðskiljanlega og vitað er og viðurkennt að fatlað fólk fer mjög oft á mis við, s.s. tækifæri til einkalífs og fjölskyldulífs, vantar mjög mikið upp á að íslensk stjórnvöld hafi uppfyllt þessar skyldur sínar. Mjög margt fatlað fólk er á biðlistum hjá sveitarfélögum eftir húsnæði sem það á skýlausan lagalegan rétt á að fá og margir hafa verið mjög lengi á biðlistum og eru í fullkominni óvissu um hvenær þeir munu fá þann lagalega rétt uppfylltan sem þeir eiga.

Lög nr. 38/1990, um þjónustu við fatlað fólk, eru á verk- og ábyrgðarsviði félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra. Með vísan til þess sem og þess sem að framan er rakið um sérstakan og skýlausan lagalegan og þjóðréttarlegan rétt fatlaðs fólks til að fá viðeigandi húsnæði og skyldur stjórnvalda til að tryggja það, sbr. lög nr. 38/2018 og ákvæði samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og í ljósi þess hversu samtvinnaður sá réttur er öðrum mjög mikilsverðum mannréttindum og tækifærum sem mælt er fyrir um í þeim lögum og samningi SP, hafa samtökin miklar efasemdir um fyrirætlanir samkvæmt þingsályktunartillögunni um að flytja

⁴ ■ 9. gr. *Búseta*.

Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda ákvæði skipulags- og byggingarlaga, lög um húsnæðismál og lög um almennar íbúðir, eftir því sem við á.

Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Óheimilt er að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði að það búi í tilteknu búsetuformi.

ábyrgð á húsnæðismálum fatlaðs fólks frá félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytinu til nýs innviðaráðuneytis.

Samtökin kalla því eftir að ríkisstjórnin upplýsi, skýri og rökstyðji hvernig sú breyting getur orðið þannig að tryggt verði að réttindi og hagsmunir fatlaðs fólks á þessu sviði fá þann forgang sem á að vera samkvæmt lagalegum og þjóðréttarlegum skyldum stjórnvalda.

Í umfjöllun um félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytið í þingsályktuninni kemur fram að að „framkvæmd laga um framhaldsfræðslu verði á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.“ Landssamtökin Þroskahjálpar gera ekki athugasemd við það en árétta að mjög mikilvægt er að verka- og ábyrgðarskipting stjórnvalda hvað varðar menntunartækifæri fyrir fatlað fólk sé eins skýr og kostur er og til þess fallin að skipulega og markvisst og í samfellu sé og verði unnið í þeim mikilvægu málum. Þar er mjög mikið verk að vinna og bráðnauðsynlegt er að auka námsframboð til fatlaðra ungmenna sem hafa lokið námi á starfsbrautum framhaldsskóla til að þau fái einhver tækifæri til að feta sig eftir áhugasviði og eftir getu inn á námsbrautir og inn á áfanga sem geta eflt og styrkt þau til frekari færni og gera sig þannig meira gildandi sem góða starfsmenn á hinum ólíku sviðum atvinnulífsins. Og einnig og ekki síður til þess að þau fái, eins og önnur ungmenni, að njóta þeirra lífsgæða sem í því felast að hafa tækifæri til að efla færni sína til að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum, án þess að verða endilega sérfræðingar í einhverju einu tilteknu fagi, heldur fái menntun sem er valdeflandi og gerir þau færari til að takast á við störf í hinum ýmsu greinum.

Þá taka Landssamtökin Þroskahjálpar heils hugar undir það sem segir í umsögn Flensborgarskóla um þingsályktunartillöguna varðandi nauðsyn þess að staða framhaldsskóla og nemenda þeirra sem eru eldri en 18 ára verði skýrð mun betur en gert er í tillögunni og hvernig verka- og ábyrgðarskiptingu ráðuneyta gagnvart þeim verður háttað. Samtökin taka einnig undir að aðfinnsluvert sé hversu lítið er fjallað um framhaldsskóla í þingsályktunartillögunni og ekkert um starfsbrautir þeirra, sem eru gríðarlega mikilvægar m.t.t. menntunar fatlaðra barna og ungmenna og margvíslegra tækifæra þeirra í lífinu sem eru eðli máls samkvæmt mjög háð menntun, s.s. tækifæri til frekari menntunar og tækifæri á vinnumarkaði sem gerir nú og mun á næstu árum gera sífelt meiri kröfur til menntunar vegna vaxandi notkunar gervigreindar og sjálfvirknivæðingar starfa.

Landssamtökin Þroskahjálpar óska eindregið eftir að fá fund með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir sjónarmiðum sínum, áherslum og tillögum.

Virðingarfyllst,

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Kópavogi, 7. janúar 2022

Tilvísun: M21120062

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169 – 167. mál

Viðtakandi: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Sendandi: Menntamálastofnun

Menntamálastofnun vill með umsögn þessari við þingsályktunartillögu um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169 – 167. mál, gera athugasemd við fyrirhugaðan flutning málaflokksins framhaldsfræðsla til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Menntamálastofnun tekur undir að tímabært er að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu. Stofnunin telur að mikilvægt slíkt sé gert á grundvelli stefnumótunar og viðhaldið sé þeirri áherslu sem er í núverandi lögum á framhaldsfræðslu sem hluta af menntakerfinu og að hún falli undir stjórnarsýslu menntamála.

Árið 2008 lýsti ríkisstjórnin því yfir að stefnt væri að því að lækka hlutfall einstaklinga sem ekki hefðu lokið formlegu námi umfram skyldunám úr 31% niður í 10% árið 2020. Samhliða voru gerðar breytingar á lögum um leik-, grunn-, framhalds- og háskóla (nr. 90, 91, 92, 85/2008) sem voru liður í mótun heildstæðrar stefnu um nám alla ævi. Tímamótalög um framhaldsfræðslu (27/2010) ráku smiðshöggið á stefnu um ævinám (e. policy of Lifelong learning). Með þessu var framhaldsfræðsla skilgreind sem fimmta grunnstoð menntakerfisins ásamt skólastigunum fjórum.

Í greinargerð frumvarps þess er varð að lögum segir að framhaldsfræðslu sé „...ætlað stuðla að því að almennt menntunarstig vaxi og því markmiði verði náð þannig að einstaklingar með stutta formlega skólagöngu afli sér frekari menntunar. Sá markhópur sem frumvarpið tekur til eru einstaklingar sem hætt hafa námi í formlega skólakerfinu áður en skilgreindum námslokum var náð.“ Jafnframt segir í greinargerðinni að lögð sé áhersla á að einstaklingum „...standi til boða að ljúka viðurkenndu, einingabæru námi sem tryggir viðkomandi rétt til áframhaldandi náms, þ.e. náms á framhalds- eða háskólastigi.“

Mikilvægt er að hægt sé að meta einingar úr framhaldsfræðslu og að viðhaldið sé þeim tengslum sem skapast hafa á milli hennar og framhaldsskóla og háskóla. Formlegur rammi hefur mótast í framhaldsfræðslunni með vottuðum námskrám og raunfærnimati og mikil samvinna hefur verið á milli framhaldsfræðslu og framhaldsskóla seinustu ár. Framhaldsfræðslan hefur því sterka tengingu við formlegt nám og einstaklingum er umhugað um að einingar þaðan séu metnar inn í framhalds- og háskóla.

Með því að skilgreina framhaldsfræðslu fyrst og fremst sem vinnumarkaðs- og félagslegt úrræði er verið að auka líkurnar á fjarlægð og aðskilnaði frá hinu almenna menntakerfi. Mun þetta auka óvissu

einstaklinga um það hvort námið verði metið til eininga; hvernig nám sem á sér stað á einum stað muni opna leiðir inn í önnur menntunarræði. Innan fullorðinsfræðslu er nú í vaxandi mæli lögð áhersla á afmarkaðar viðurkenndar námseiningar (e. micro-credentials) sem hentað geta vel sem þáttur í vinnumarkaðs- og félagslegum úrræðum. Nauðsynlegt er þó að slíkar námseiningar falli að og séu viðurkenndar sem hluti af námi innan menntakerfisins almennt. Má í þessu samhengi minna á þróun starfsnáms og rafrænna ferilbókar sem Menntamálastofnun vinnur nú að í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis og í samstarfi við starfsgreinaráð

Í [Úttekt Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um menntamál](#) (Eurydice) frá árinu 2021 er fjallað ítarlega um stöðu framhalds- og fullorðinsfræðslu í ríkjum Evrópu. Þar kemur fram að líkt og á Íslandi er meginhlutverk framhaldsfræðslu víðast í Evrópu að gefa þeim sem eru orðnir fullorðnir, en hafa ekki lokið neinni formlegri menntun umfram unglingastigið, tækifæri til að bæta menntunarstöðu sína.

Í skýrslunni kemur fram að staða framhaldsfræðslu á Íslandi er nokkuð sterk en hér hefur umtalsverður fjöldi fólks aflað sér meiri menntunar eftir að fullorðinsaldri er náð (yfir 10% hér en meðaltal ESB er um 3%). Þetta sýnir að það kerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi með framhaldsfræðslu sem hluta af menntakerfinu með áherslu á ævilanga menntun hefur skilað árangri. Þetta hefur áunnist með því að byggðar hafa verið brýr frá framhaldsfræðslunni yfir í aðra hluta menntakerfisins.

Þar með er ekki sagt að framhaldsfræðsla gegni ekki hlutverki sem vinnumarkaðs- og félagslegt úrræði. Mikilvægt er að hafa í huga hlutverk framhaldsfræðslu í að þróa menntun á vinnumarkaði í takti við örar breytingar og styðja við þá sem standa höllum fæti og fólk af erlendum uppruna sem hér starfar. Veigamesti þáttur framhaldsfræðslu hér á landi, á Norðurlöndum og í Evrópu hefur þó snúið að því að bæta menntunarstig þessara einstaklinga og bæta þar með stöðu þeirra á vinnumarkaði almennt.

Á öllum Norðurlöndum heyrir framhaldsfræðslan undir ráðuneyti menntamála og stjórnsýslustofnanir þeirra ráðuneyta. Þannig gegna systurstofnanir Menntamálastofnunar á Norðurlöndunum mikilvægu hlutverki í að þróa og viðurkenna námsframboð í framhaldsfræðslu og samræma það við önnur menntunarræði. Hefur Menntamálastofnun gegnt svipuðu hlutverki hér á landi með því að viðurkenna framhaldsfræðsluaðila og námskrár þeirra. Menntamálastofnun staðfestir einnig námsbrautir framhaldsskóla og gerir þannig kleift að tryggja samræmi námsframboðs og viðurkenningu náms á milli þessara aðila.

Menntamálastofnun mun heyra undir mennta- og barnamálaráðuneyti. Ef færa á stjórnsýslulega ábyrgð framhaldsfræðslu yfir til annars ráðuneytis er hætt við að núverandi hlutverk stofnunarinnar varðandi þennan málaflokk muni riðlast. Tengsl náms í framhaldsskólum og framhaldsfræðslu eru sterk og mikilvægt að stjórnsýsla þessara tveggja þátta menntakerfisins séu á hendi sama ráðuneytis og innan stofnunar sem undir það heyrir.

Í skýrslu Upplýsingarmiðstöðvar Evrópusambandsins um menntamál, sem vísað er til að ofan, er lögð áhersla að ríki móti sér skýra stefnu um framhaldsfræðslu. Slíka stefnu skortir hér á landi. Vísi að stefnu má finna í lagasetningu um skólastigin og framhaldsfræðslu frá árunum 2008-2010 sem setur ramma um ævilangt nám. Þar er framhaldsfræðsla skilgreind sem hluti af menntakerfinu, sem fimmta stoð þess. Eigi að víkja frá þessari meginstefnu og aðgreina framhaldsfræðslu frá öðrum þáttum menntakerfisins sem vinnumarkaðs- og félagslegt úrræði væri rétt að slík stefna lægi fyrir áður en ráðist er í skipulagsbreytingar á stjórnsýslu málaflokksins.

Með vísan til ofangreinds er það eindregin afstaða Menntamálastofnunar að málaflokkurinn framhaldsfræðsla eigi heima undir mennta- og barnamálaráðuneyti. Eigi að færa málaflokkinn undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti sé rétt að það sé gert á grundvelli stefnumótunar, sem verði grundvöllur lagasetningar er síðan geti leitt til breytinga á stjórnslu málaflokksins standi vilji löggjafarvalds og stjórnvalda til þess.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2022
MÍ202201-0012/0.00/ K.H.S.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Óskað hefur verið umsagnar Minjastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169 – 167. mál.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir vegna flutnings stofnunarinnar yfir í nýtt ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála en telur þörf á að koma nokkrum ábendingum á framfæri sem varða fjárheimildir, tilfærslur fjárheimilda o.fl.

Í fjárlagafrumvarpi 2022 kemur fram í markmiðum málaflokks 18.2, sem Minjastofnun Íslands tilheyrir, að leggja eigi áherslu á að; „gera gagnagrunn yfir fornleifar og safna gögnum“, „skrá fornleifar á svæðum sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar“, „skilgreina forgangssvæði og skrá fornleifar innan þeirra“ og „skrá fornleifar á þjóðlendum og friðlýstum svæðum“. Framkvæmdaaðilar eru Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Minjastofnun og tilgreint er að markmiðin rúmist innan fjárheimilda til málefnasviðs 18. Minjastofnun hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að fjármagn fái til að fara í átak við umrædd verkefni. Vegna áherslna á þessi verkefni í fjárlagafrumvarpinu má ætla að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi haft í hyggju að veita fjármagni til átaksverkefnanna innan þeirra fjárheimilda sem veittar eru til málefnasviðs 18. Það gefur tilefni til ábendinga um hvort skoða þurfi tilfærslur á fjárheimildum vegna flutnings Minjastofnunar í nýtt ráðuneyti svo tryggt verði að þessi verkefni falli ekki niður.

Vakin er athygli á að í tengslum við aukin verkefni við friðlýsingar náttúru- og menningarminja að Minjastofnun var ekki tryggður neinn fjárhagslegur stuðningur til að vinna að slíkum verkefnum af fyrri ríkisstjórn og þarf að bæta þar úr ef stofnunin á að sinna sínu lögbundna hlutverki varðandi friðlýsingar.

Þá ber einnig að koma því á framfæri að Minjastofnun hefur í fjölda ára, í fjölmörgum erindum, komið á framfæri athugasemdum um verulega undirmönnun og undirfjármögnun stofnunarinnar sem ekki hefur verið brugðist við nema að litlu leiti. Tilfærsla stofnunarinnar í nýtt ráðuneyti

gefur tilefni til að benda sérstaklega á þennan þátt þar sem það mun verða verkefni nýs ráðuneytis að greiða úr þeim vanda.

Þá hefur Minjastofnun að auki bent á með erindum undanfarin ár að umtalsverður munur er á launakjörum starfsfólks Minjastofnunar og starfsfólks í öðrum stofnunum sem koma að málefnum umhverfis, s.s. Umhverfisstofnun. Laun starfsfólks Umhverfisstofnunar voru við síðustu könnun um 25-38 prósent hærrí en starfsfólks Minjastofnunar fyrir sambærileg störf. Talin var þörf á að benda sérstaklega á þetta í tilefni flutnings stofnunarinnar í nýtt ráðuneyti þar sem hið nýja ráðuneyti mun þurfa að taka þessi mál til sérstakrar skoðunar. Á tímum áherslna á jafnlaunastefnu er vandséð að ráðuneytið geti annað en veitt Minjastofnun liðsinni við að leiðrétta launakjör starfsfólks til að tryggja launajafnrétti hjá undirstofnunum fyrir sambærileg störf.

Stofnunin sér marga kosti og möguleika á samstarfi við stofnanir nýs ráðuneytis og væntir þess að starfsemin eigi eftir að þróast á jákvæðan hátt á næstu árum í þágu góðrar og öflugrar minjaverndar.

Virðingarfyllst,



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



Icelandic Museum
of Natural History

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Nefndasvið, Skrifstofa Alþingis
Alþingi við Austurvöll

Reykjavík, 7. janúar 2022.

Efni: Umsögn Náttúruminjasafns Íslands um þingsályktunartillögu um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Náttúruminjasafn Íslands þakkar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fyrir að óska eftir umsögn Náttúruminjasafnsins um þingsályktunartillöguna.

Bakgrunnur

Náttúruminjasafn Íslands var sett á laggirnar árið 2007 og er eitt þriggja höfuðsafna landsins, það langyngsta, ásamt Þjóðminjasafni Íslands og Listasafni Íslands, og fellur undir mennta- og menningarmála-ráðuneytið. Starfsemi Náttúruminjasafnsins er markaðar rammi með sérlögum um safnið, lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007, og safnalögum nr. 141/2011.

Meginhluverk Náttúruminjasafnsins eru lögum samkvæmt að miðla fróðleik og upplýsingum til almennings um náttúru Íslands, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd með sýningahaldi og öðrum hætti, auk þess að safna munum á sérsviði sínu, sinna varðveislu náttúruminja og annast fjölbreyttar rannsóknir á starfssviði sínu.

Við stofnun Náttúruminjasafnsins breyttist starfsemi systurstofnunar safnsins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, það dró úr miðlunarstarfseminni í kjölfarið á lokun sýningarinnar á vegum stofnunarinnar á Hlemmi vorið 2008.

Fyrstu tíu ár starfsemi Náttúruminjasafnsins, fram til 2017, var safninu sniðinn afar naumur fjárhagsrammi þannig að einungis tvö stöðugildi rúmuðust innan árlegra fjárheimilda. Það er fyrst nú á allra síðustu árum, frá og með 2018, sem hið háa Alþingi hefur stutt við safnið þannig að sæmir höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum. Hér er vísað til þeirrar ákvörðunar Alþingis og fyrirheita í tíð síðustu og núverandi ríkisstjórnar undir forsæti Katrínar Jakobsdóttur, annars vegar að heimila safninu að opna sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* í Perlunni í desember 2018 og, hins vegar, að höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins verði staðsettar á Seltjarnarnesi, í húsi sem átti að hýsa lækningaminjar en ekkert varð af. Umrædd bygging hefur staðið auð og fokheld síðan 2007.

Stefnt er að því að vígja framtíðaraðsetur Náttúruminjasafnsins árið 2023. Full fjármögnun á framkvæmdinni er reyndar ekki tryggð og framkvæmdir ekki enn hafnar vegna vankanta við undirbúningsvinnu sem ekki hafa verið leystir þegar þetta er ritað. Engu að síður verður að vænta þess að staðið verði við áður nefnd fyrirheit og að árið 2023, þegar 16 ár verða liðin frá stofnun safnsins, eignist Náttúruminjasafnið sitt fyrsta aðsetur með flutningi í *Náttúruhúsið í Nesi*.

Enda þótt framtíðin blasi björt við Náttúruminjasafninu hvað varðar aðsetur og umgjörð fyrir miðlun og sýningahald á Seltjarnarnesi, þá gegnir öðru máli um almennan rekstur safnsins og árlegar rekstrarfjárheimildir. Frá upphafi hefur þurft að berjast fyrir hverri krónu svo stofnunin geti sinnt lögboðnum hlutverkum með lágmarksmannskap. Í ár, árið 2022, hljóðar ríkisframlagið til reksturs Náttúruminjasafnsins upp á 107, m.kr. Þegar frá er dreginn kostnaður við sýningahald í Perlunni (safnkennari, kostnaður v. viðburða, tölvuþjónusta, viðhald og endurnýjun á tækjum, tólum og sýningaratriðum) ásamt kostnaði við skrifstofuhald á Suðurlandsbraut (leiga, aðkeypt tölvuþjónusta, ýmis notendaleyfi o.fl.) og kostnaði við leigu á geymslu í Sundaborg, þá er eftir til skiptanna fjárhæð sem dugar til að halda sex

stöðugildi. Naumur fjárhagur safnsins hefur hamlað að nokkru leyti faglegum framgangi safnsins og bitnað á eigin rannsóknum á sviði náttúru- og safnfræða, sem og á rannsóknasamstarfi við háskólastofnanir og aðra sem sýsla með náttúruna.

Biðin eftir viðunandi aðstöðu fyrir Náttúruminjasafnið á rætur að rekja aftur á 19. öld, eða til 1889 þegar Hið íslenska náttúrufræðifélag, forveri Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar, var stofnað gagnert til að vinna að því að þjóðin eignaðist glæsilegt náttúrufræðisafn og sýningaraðstöðu sem sæmdi landi og þjóð. Fyrst nú, liðlega 130 árum síðar, hillir undir að þessi draumur helstu náttúrufræðinga Íslands sem stóðu að stofnun félagsins, rætist. Hin langa bið er þeim athyglisverðari þegar haft er í huga að Náttúruminjasafninu er lögum samkvæmt ætlað að vera meðal grunnstoða í fræslu-, vísinda- og menntamálum landsmanna.

Þörfin á vönduðu náttúrufræðisafni sem miðlar til almennings hefur aldrei verið brýnni – á tímum þegar viðvörunarbjöllur glymja um margvíslegar náttúruvár og slakt náttúruháls kynslóða sem erfa munu landið. Almennung þyrstir aftur á móti í fróðleik og upplýsingar um undur, furður og gangverk náttúrunnar. Fróðleiksþorstinn lýsir sér vel í því að árið 2019, áður en COVID-19 herjaði á okkur, var slegið aðsóknarmet hérlendis á staka sýningu, sýningu Náttúruminjasafnsins *Vatnið í náttúru Íslands* í Perlunni, þegar um 200.000 gestir heimsóttu hana (en um 300.000 gestir til viðbótar heimsóttu aðrar sýningar í Perlunni).

Auk afar góðrar aðsóknar og vinsælda sýningarinnar í Perlunni hefur hún hlotið nokkur verðlaun og viðurkenningar, þ.á m. tilnefningu til Íslensku safnaverðlaunanna 2019, Evrópsku RedDot hönnunarverðlaunin árið 2020 fyrir þrjú margmiðlunatriði sem unnin voru með Gagarín og nú síðast tilnefningu til Evrópsku safnaverðlaunanna 2022 sem afhent verða í Eistlandi í maí n.k.. Allt er þetta til marks um gæði í starfsemi Náttúruminjasafnsins

Framtíð Náttúruminjasafnsins

Afar mikilvægt er að efla hið fyrsta faglega starfsemi Náttúruminjasafnsins á sviði náttúrufræðirannsóknna og safnamála, í því skyni einkum að treysta tengslin milli miðlunar og rannsókna. Afstaðan til tengsla milli miðlunar og rannsókna byggir á því grunvallarsjónarmiði að skapandi akademískar rannsóknir á náttúrunni séu órofa tengdar vandaðri, vísindalegri miðlun, sér í lagi þegar miðlunin er skilgreind sem hluti af fræðslu- og menntakerfi landsmanna og hefur jafnframt tilvísun í námsskrá, eins og á við um starfsemi Náttúruminjasafnsins.

Til frekari stuðnings á mikilvægi tengsla milli miðlunar og rannsókna skal bent á að öll helstu náttúrufræðisöfn í hinum vestræna heimi sem við gjarnan berum okkur saman við, t.d. *Náttúrufræðisafn Danmerkur* í Kaupmannahöfn, *Náttúrufræðisafn Noregs* í Osló, *Náttúrufræðisafn Finnlands* í Helsinki, *Náttúrufræðisafnið í London*, *Náttúrufræðisafnið í Berlín*, *Náttúrufræðisafn Ameríku* í New York, *Náttúrufræðisafn Smithsonian stofnunarinnar* í Washington og *Harvard náttúrufræðisafnið* í Cambridge, Bandaríkjunum, eru öflugar rannsóknastofnanir og oft hluti af háskólastarfsemi þar sem rannsóknir og miðlun fara saman innan veggja sömu stofnunar.

Náttúruminjasafnið hefur síðan 2014 átt í samstarfi við Háskóla Íslands og, einkum og sér í lagi, Háskólann á Hólum, sem og Náttúrufræðistofnun Íslands og nú síðast við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík, og með því móti treyst faglegan grundvöll starfsemi sinnar. Í flestum tilvikum er um að ræða afmörkuð rannsóknaverkefni með takmarkaðan líftíma, verkefni sem Náttúruminjasafnið hefur ekki fengið neina sérstaka fjárveitingu til að framkvæma, heldur aflað fjár með umsóknum í sjóði. Það sem skortir tilfinnanlega fyrir Náttúruminjasafnið er að koma á fót ótímabundnu, viðvarandi samstarf á breiðum grunni við bæði háskólastofnanir og systurstofnun safnsins, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Enda þótt kveðið sé á um samstarf umræddra systurstofnananna í lögum um Náttúruminjasafnið, og undirritað þar að lútandi samstarfssamkomulag við Náttúrufræðistofnun, þá hefur framkvæmdin á

samstarfinu ekki gengið eftir sem skyldi. Eitt og annað kemur hér til, en það sem gert hefur stöðuna flóknari er að systurstofnanirnar heyra til hvor sínu ráðuneyti - Náttúrufræðistofnun fellur undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Náttúruminjasafnið mennta- og menningarmálaráðuneytið. Á það má benda að nær allar ákvarðanir sem lúta að kjarnanum í efnistöfum og inntaki í miðlun og sýningahaldi á vegum Náttúruminjasafnsins, þ.e.a.s. atriði sem varða rannsóknir á náttúrunni, náttúruvernd, náttúruminjar og margvíslega nýtingu náttúrunnar, eru teknar í núverandi umhverfis- og auðlindaráðuneyti og tilvonandi nýju *umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti* og tilvonandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, en ekki í *menningar- og viðskiptaráðuneytinu* sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að Náttúruminjasafnið skuli heyra til.

Mikilvægt atriði varðandi tengsl starfsemi Náttúruminjasafnsins við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið snýr að fræðsluhlutverki safnsins. Í gildandi stefnumörkun Íslands um framkvæmd *Samningsins um líffræðilega fjölbreytni*, sem verður á forræði umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytis og er í endurskoðun, er gert ráð fyrir að Náttúruminjasafn Íslands muni „*gegna lykilhlutverki í fræðslu um lífríki Íslands.*“ (Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni. 2008. Bls. 5.). Í þessu sambandi er afar ánægjulegt að geta þess að grunnsýning Náttúruminjasafnsins á Sel-tjarnarnesi mun einmitt bera yfirskriftina *Líffræðilegur fjölbreytileiki á Íslandi*, þar sem áhersla verður lögð á *lífríki sjávar, vistfræði og loftslagsmál*. Hér er um ræða eitt allra stærsta umhverfismál samtímans og komandi kynslóða sem starfsemi náttúrufræðisafna og annarra mennta- og vísindastofnana mun hverfast um á næstu árum og áratugum. Brynt er að miðla sem fyrst til almennings þekkingu á þessu sviði og hefur Náttúruminjasafnið þegar tekið þar ákveðið frumkvæði (sjá biodice.is).

Á Náttúruminjasafnið heima í nýju ráðuneyti menningar og viðskipta?

Í þingsályktunartillögum sem hér er um ræðir er sem fyrr segir gert ráð fyrir að Náttúruminjasafnið heyri til nýju ráðuneyti, *menningar- og viðskiptaráðuneyti*. Samkvæmt greinargerð er ljóst að meginþunginn í því ráðuneyti mun hverfast um málefni sem lúta að viðskiptum og neytendamálum, einkum ferðaþjónustu, tónlist og kvikmyndagerð, auk samkeppnismála. Enda þótt starfsemi Náttúruminjasafnsins tengist augljóslega viðskiptum og þjónustu og þar með neytendamálum, sér í lagi m.t.t. erlendra ferðamanna, þá telur undirritaður að málefni Náttúruminjasafnsins eigi frekar samleið með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, þeim ráðuneytum sem sýsla með þau málefni sem kjarnastarfsemi Náttúruminjasafnsins, og systurstofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar, snýst um.

Hér ber að hafa í huga að miðlunar- og rannsóknarhlutverkið í starfsemi Náttúruminjasafnsins er upphaflega skilgreint sem hluti af grunnstoðum fræðslu- og menntakerfis þjóðarinnar, en ekki sem grunnstoð af viðskiptalegum toga. Vægi rannsókna- og miðlunarþáttarins í starfsemi Náttúruminjasafnsins verður enn skýrara þegar horft er til þess að samkvæmt sérlægum Náttúruminjasafnsins skal það annast rannsóknir á starfssviði sínu og vinna náið með vísinda- og rannsóknastofnunum. Ljóst má vera að stofnun sem hefur rannsóknir og miðlun á sviði náttúrufræða sem meginstef í markmiðssetningu um starfsemi sína, eins og á við um Náttúruminjasafn Íslands, er e.t.v. betur hýst í ráðuneyti þar sem unnið er heildstætt með málefni náttúrunnar, heldur en ráðuneyti sem sýslar aðallega með viðskipti og menningu.

Með hliðsjón af ríki menntunar- og rannsóknahlutverki Náttúruminjasafnsins er einnig eðlilegt að velta fyrir sér nánari tengslum við háskólasamfélagið og ráðuneytinu sem það tilheyrir, jafnvel með því að gera Náttúruminjasafn Íslands að háskólastofnun líkt og á við um Þjóðminjasafn Íslands.


Niðurlag

Að öllu framangreindu virtu hvetur undirritaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eindregið til þess að leita allra leiða til að efla og styrkja faglegt starf Náttúruminjasafns Íslands enn frekar á sviði akademískra náttúrufræðisafna og miðlunar til almennings á fróðleik og upplýsingum um náttúruna, m.a. með því að kanna fýsileika þess að samræma eða sameina starfsemi Náttúrufræðistofnunar og

Náttúruminjasafnsins. Verði af þessu má fastlega reikna með því að það hafi í för með sér marvíslegan ávinning m.t.t. stjórnunar- og rekstrarlegra þátta vegna samlegðaráhrifa, m.a. hvað varðar söfnun gagna og muna og afnot og umsjón með gagna- og vísindasöfnum. Nú er lag að huga að slíku, bæði í ljósi fyrirhugaðra breytinga á skipan ráðuneyta í stjórnarráðinu og þar sem fyrir dyrum mun standa endurskoðun laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Jafnframt hvetur undirritaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til þess að kanna með vandlegum hætti kosti og galla þess að starfsemi Náttúruminjasafns Íslands verði færð undir annað ráðuneyti en væntanlegt menningar- og viðskiptaráðuneyti, annað hvort umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti, þar sem systurstofnun safnsins, Náttúrufræðistofnun Íslands, er hýst, eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti þar sem rækt er lögð við akademískar grunnrannsóknir í náttúru- og safnafræðum.

Virðingarfyllt,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Alþingi, nefndasvið
Stjórnskipunar- og eftirlitssvið
Hildur Edwald, nefndarritari

Reykjavík, 7. janúar 2022

Umsögn um þingskjal 169 – 167. mál, tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Rannís þakkar fyrir tækifæri til að leggja inn umsögn um breytta skipan ráðuneyta og vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum sem lúta annars vegar að hlutverki ráðuneytisins og hins vegar að stöðu stofnunarinnar í breyttu stjórnskipulagi.

Rannís tekur undir mikilvægi þess að sett sé á stofn nýtt ráðuneyti þekkingar með áherslu á samstarf vísindasamfélagsins við nýsköpun í atvinnulífinu, sem takist á við mikilvægar áskoranir, ekki síst þar sem þekking sem byggir á rannsóknum og vísindum og hagnýtingu hugvits í þágu samfélagsins liggur til grundvallar. Allar hagtölur benda til þess að atvinnugreinar sem byggja á þessum þáttum hafi aukið vægi sitt á undanförunum árum. Það er því mikilvægt að umfjöllun um þessa málaflokka sem hér um ræðir, vísindi, rannsóknir og nýsköpun, fái aukna athygli með markvissri stefnumótun og stjórnsýslu sem leiðir til aukins vaxtar, verðmætasköpunar og velsældar í samfélaginu.

Mikilvægt er að nýtt ráðuneyti fái heiti sem nái yfir breitt málefnasvið þess. Er það mat Rannís að vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti nái vel utan um það. Einnig gæti komið vel út að nota þekkingar- og iðnaðarráðuneyti, þar sem þekking nær yfir vísindi, rannsóknir og nýsköpun sem mikilvægustu hluta þekkingarsamfélagsins.


Rannís er ein lykilstofnanna sem falla undir nýtt ráðuneyti og vill leggja áherslu á að áfram verði stutt ötullega við það mikilvæga hlutverk sem stofnunin gegnir í íslensku þekkingarsamfélagi. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Rannís styður við þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða á öllum málefnasviðum stofnunarinnar, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum, auk þess sem Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og veitir faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu.

Hlutverk Rannís hefur á undanförunum 20 árum breyst mikið, en stofnunin vinnur m.a. að verkefnum fyrir sex ráðuneyti og endurspeglar það mikilvægi málaflokkanna sem Rannís sinnir, sem spanna öll svið vísinda, nýsköpunar, menntunar og menningar. Sem dæmi má nefna, að umfang rannsókna og nýsköpunar í landinu var tæplega 73 ma. kr. árið 2020 og þar af hefur Rannís umsjón með um 20 ma. kr., sem er opinbert fé til að stuðla að og hvetja til markvissrar þekkingaruppbyggingar. Þarna eru ekki talin með framlög til alþjóðlegra stofnana sem hvetja til alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir og nýsköpun, en umtalsvert fjármagn kemur árlega til Íslands í gegnum evrópskt og norrænt samstarf. Þar gegnir Rannís mikilvægu hlutverki í að hvetja til og aðstoða við að koma á alþjóðlegu samstarfi og er árangur íslenskra aðila í alþjóðlegu samstarfi eftirtektarverður.

Breytt skipun ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og hlutverk Rannís við framkvæmd opinberrar stefnu á sviði vísinda og nýsköpunar fyrir nýtt ráðuneyti, veitir tækifæri til að endurskoða lög 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem eru lagalegur grundvöllur stofnunarinnar. Telur Rannís slíka endurskoðun aðkallandi í ljósi breytts hlutverks og ekki síður breytts umhverfis málaflokksins með tilkomu nýs þekkingarráðuneytis.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á rannsóknir og nýsköpun og hefur Rannís von um farsælt samstarf við nýtt ráðuneyti á komandi árum.

Virðingarfyllt




Hallgrímur Jónásson,
Forstöðumaður Rannís

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. janúar 2022

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, Þingskjal 169 - 167. mál, á 152. löggjafarþingi 2021-2022.

Virðingarfyllst,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um
breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, Þingskjal 169 - 167. mál,
á 152. löggjafarþingi 2021-2022.

Almennt

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri þingsályktunartillögu.

Félagið tekur ekki afstöðu til efnisatriða tillögunnar en telur rétt að koma á framfæri áhyggjum tengdum kynningu og framkvæmd á tilfærslu þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá dómsmálaráðuneytinu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins þar sem hún hefur áhrif á gildandi samning Rauða krossins við dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun og þar með á allt að 600 notendur þjónustunnar sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Dómsmálaráðuneytið hefur gefið þá skýringu að með tilfærslu hluta verkefnisins til annars ráðuneytis séu forsendur samningsins brostnar og hefur ákveðið að framlengja ekki samningnum út febrúar 2023 eins og heimilt var að gera.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að Rauði krossinn hefur um árabíl talað fyrir því að þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd skuli ekki vera á forræði Útlendingastofnunar. Telur félagið að með tilfærslunni sé stigið mikilvægt skref í því að færa þjónustuna alfarið frá stofnuninni og bindur vonir við að það muni leiða af sér markvissari og betri þjónustu fyrir þennan viðkvæma hóp.

Áhyggjur félagsins snúa fyrst og fremst að því að umræddar breytingar og sá skammti tími sem ætlaður er í þær muni valda rofi á þjónustu til umsækjenda um alþjóðlega vernd og að verðmæt reynsla og yfirgripsmikil þekking og gagnagrunnar sem Rauði krossinn hefur byggt upp frá árinu 2014 á grundvelli samninga félagsins við dómsmálaráðuneytið glattist við tilfærsluna. Nánar er gerð grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum hér að neðan.

Árið 2014 gerðu Rauði krossinn á Íslandi og innanríkisráðuneytið með sér samning um aðstoð og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi á grundvelli stoðhlutverks Rauða krossins við stjórnvöld, sbr. [lög nr. 115/2014](#). Meginmarkmið samningsins var að tryggja hlutlausa og óháða réttargæslu fyrir alla umsækjendur þannig að jafnræðis væri gætt og að allir umsækjendur fengju vandaða málsmeðferð. Í samningnum fólst auk þess að Rauði krossinn mæti reglulega aðbúnað umsækjenda, sinnti félagslegum stuðningi og félagsstarfi.



Forsenda Rauða krossins fyrir samstarfinu var að samhliða starfi Rauða krossins yrði unnið að því að betrubæta málsmeðferð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, hún stýtt á sama tíma og gæði hennar yrðu bætt. Hvort tveggja hefur tekist á því tímabili sem hér um ræðir líkt og tölur um málsmeðferðartíma og viðurkenningarhlutfall umsækjenda sýna.

Þá var það rætt við gerð fyrstu samninga að þegar Rauði krossinn myndi hætta verkefninu yrði með góðum fyrirvara hægt að byggja upp kerfi þar sem aðrir aðilar sem kæmu að talsmannaþjónustu gætu stigið inn í. Sú vinna hefur ekki verið hafin, að minnsta kosti ekki með aðkomu Rauða krossins sem býr yfir miklu magni gagnlegra upplýsinga, hefur gagnabanka og verkferla sem munu ónýtast ef ekki eru gerðar ráðstafanir af hálfu ráðuneytisins um hvernig skuli byggja upp nýtt kerfi fari svo að Rauði krossinn muni ekki sinna verkefninu næstu árin á grundvelli fyrirhugaðs útboðs.

II.

Núgildandi samningur á milli Rauða krossins, dómsmálaráðuneytisins og Útlendingastofnunar rennur út í lok febrúar 2022. Í samningnum er heimild til að framlengja hann út febrúar 2023 ef samningsaðilar hefðu samið um slíkt fyrir lok nóvember 2021. Rétt er að halda því til haga í tengslum við 8. gr. um gildistíma samningsins að engar viðræður höfðu átt sér stað milli aðila um framhald samningsins fyrr en að Rauði krossinn hafði samband við dómsmálaráðuneytið þann 3. nóvember sl. til þess að kanna áform ráðuneytisins. Í því samtali greindi Rauði krossinn frá áhættunni sem fylgir óvissu um framlengingu sem gæti haft þær afleiðingar að starfsfólk hyrfi til annarra starfa.

Í svari ráðuneytisins sama dag kom m.a. fram að þar sem hvorki væri starfandi ríkisstjórn né ráðherra til þess að bera málið undir væri ekki hægt að svara því hvort samningurinn yrði framlengdur. Ráðuneytið myndi þó í öllu falli láta Rauða krossinn vita fyrir 1. desember sl. hvort af framlengingu yrði svo Rauði krossinn gæti gert ráðstafanir varðandi starfslok starfsmanna sem starfa á grundvelli samningsins. Það var ekki gert og í raun barst ekki svar fyrr en Rauði krossinn innti ráðuneytið eftir svari með tölvupósti þann 2. desember sl. og þá barst óformlegt munnlegt svar að samningurinn kynni að vera í uppnámi vegna uppskiptingar málaflokksins á milli tveggja ráðuneyta. Skrifleg og formleg staðfesting þess efnis barst Rauða krossinum með tölvupósti 8. desember sl. þar sem ráðuneytið taldi fyrirhugaðar breytingar valda forsendubresti samningsins og þar af leiðandi væri ekki hægt að framlengja hann.

Rauði krossinn telur reyndar óvíst hvort rétt sé að líta svo á að skipting málaflokksins á milli ráðuneyta geti talist fela í sér breytingar á forsendum samningsins enda fordæmi fyrir því að fleiri en eitt ráðuneyti komi að sama samningi og ætti íslenska ríkinu að vera fært að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum eftir sem áður.

Í þessu samhengi er rétt að minna á að nú eru tæplega **600** einstaklingar í kerfinu sem notfæra sér þjónustu Rauða krossins að verulegu leyti, þar af um **400** umsækjendur sem enn eiga umsókn um alþjóðlega vernd til meðferðar hjá Útlendingastofnun eða kærunefnd útlendingamála. Á þessu stigi hefur Rauði krossinn hvorki fengið upplýsingar um hvernig ráðuneytið sér fyrir sér áætluð samningslok né hvernig tilfærsla mála muni eiga sér stað frá Rauða krossinum.

III.

Með hliðsjón af mikilvægi málaflokksins og fjölda opinna mála lagði Rauði krossinn tillögu fram með tölvubréfi dags. 10. desember 2021 þess efnis að nágildandi samningur við félagið yrði framlengdur til loka febrúar 2023 eins og heimilt er að gera. Markmið tillögunnar er að tryggja órofna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og vandaða og skilvirka málsmeðferð. Tillagan miðaði að því að stjórnvöld fengju nægan tíma til að klára fyrirhugað útboðsferli, þ.e. að undirbúa og framkvæma útboð og vinna samninga á grundvelli þess ásamt því að undirbúa tilfærslu opinna mála og verkefna frá Rauða krossinum ef ekki yrði samið á ný við félagið. Það yrði útfærsluatriði milli ráðuneytanna tveggja hvernig framhaldi samnings yrði háttað. Tillagan tryggði að ekki verði rof á þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Tilfærsla opinna mála gæti þá hafist haustið 2022 til að tryggja að Rauði krossinn gæti gengið frá verkefninu í lok febrúar 2023, nema að nýr samningur yrði gerður við félagið um áframhaldandi þjónustu af öðru eða báðum ráðuneytum.

Dómsmálaráðuneytið hafnaði tillögu Rauða krossins og lagði þess í stað til tveggja mánaða framlengingu, þ.e. til loka apríl 2022. Rauði krossinn harmar þá niðurstöðu ráðuneytisins að leggja einungis til tveggja mánaða framlengingu á nágildandi samningi. Það 12 mánaða tímabil sem Rauði krossinn lagði til byggir á því mati að sá tími sé nauðsynlegur til að tryggja faglega og vandaða yfirfærslu verkefnisins og koma í veg fyrir að sú umfangsmikla þekking og verðmæta reynsla glatist sem byggð hefur verið upp á undanförunum árum.

Þó svo að Rauði krossinn hafi samþykkt þá framlengingu sem ráðuneytið lagði til telur félagið að erfitt og jafnvel ómögulegt verði að tryggja órofna framkvæmd þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd með því fyrirkomulagi. Hefur félagið óskað eftir fundi með dómsmálaráðuneytinu og Útlendingastofnun sem allra fyrst til að ræða yfirfærslu mála og lok samningsins m.v. tveggja mánaða framlengingu. Komast þarf að samkomulagi um tímalínu, framkvæmd samningsins og yfirfærslu mála. Rauði krossinn hefur jafnframt ítrekað þá tillögu sína að skilvirkast væri að framlengja samninginn út febrúar 2023 til að tryggja megi árangursríka yfirfærslu verkefnisins verði raunin sú að annar aðili taki verkefnið að sér og koma í veg fyrir að rof verði á þjónustu við þennan viðkvæma hóp með ábyrgum hætti.

IV.

Samstarf Rauða krossins, dómsmálaráðuneytisins og Útlendingastofnunar á grundvelli samningsins hefur að mati Rauða krossins leitt til verulega aukinnar skilvirkni í kerfinu í heild sinni og ávinnings fyrir stjórnvöld svo ekki sé talað um umsækjendur sjálfa.

Þá hefur þjónusta og aðgengi umsækjenda að talsmönnum tekið afar jákvæðum breytingum fyrir alla hagaðila og gert það að verkum að kerfið virkar allt betur. Þekkt staða Rauða krossins sem alþjóðlegra samtaka með mannúð og hlutleysi að leiðarljósi eykur að auki tiltrú umsækjenda á kerfið í heild sinni. Rauði krossinn telur óumdeilanlegt að þátttaka félagsins í verkefninu eigi stóran þátt í þeim árangri sem náðst hefur hér á landi í því að stytta verulega málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd á sama tíma og málsmeðferð umsókna hefur batnað.

Hjá félaginu starfa að jafnaði fimmtán lögfræðingar á grundvelli samningsins sem hafa það eina starf að sinna réttargæslu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á stjórnsýslustigi. Í viku hverri er viðtaladagskrá Útlendingastofnunar send Rauða krossinum sem tryggir að talsmaður mæti með umsækjendum í hvert einasta viðtal og birtingar á ákvörðunum, en sama á við um viðtöl og birtingu úrskurða hjá kærunefnd útlendingamála. Enn fremur hafa talsmenn almennt brugðist skjótt við þegar hefur þurft að tryggja viðveru talsmanns íviðtali eða birtingu sem hefur komið upp með skömmum



fyrirvara utan hefðbundinnar dagskrár. Þá er félagið vikulega með opna viðtalstíma í Reykjavík og Reykjanesbæ þar sem meðal annars félagslegum stuðningi er sinnt ásamt því að hálfsmánaðarlega er tryggð viðvera talsmanns sem margir nýta sér. Félagið hefur framkvæmt ánægjukönnun á störfum talsmanna og benda niðurstöður hennar til þess að stærstur hluti umsækjenda sé ánægður með aðgengi og störf talsmanna.

Sú samþætting þjónustu sem Rauði krossinn hefur náð með að vera með hvoru tveggja talsmannþjónustu og félagslegan stuðning leiðir einnig til þess að talsmenn geta einbeitt sér að vinnu tengdri umsókn og aðrir starfsmenn sjá um þá þætti er snúa að áskorunum er koma upp í daglegu lífi umsækjenda. Þetta fyrirkomulag leiðir til aukinnar skilvirkni. Þá ber þess að geta að í virkniverkefnum sem Rauði krossinn býður upp á ber ríkið ekki annan kostnað en launakostnað og hefur allur verkefnakostnaður verið greiddur af sjálfsaflafé Rauða krossins. Virðisauki framlags sjálfboðaliða er einnig óumdeildur og bera þeir nú uppi átta virkniúrræði í hverri viku. Nú starfa um **45** sjálfboðaliðar í verkefninu, framlag sem aðeins er mögulegt hjá frjálsum félagasamtökum.

Þátttaka Rauða krossins í verkefninu hefur ávallt hvílt á tveimur stöðum. Annars vegar stoðhlutverki félagsins við stjórnvöld, sbr. 1. mgr. laga nr. 115/2014 sem felur í sér aðstoð við að byggja upp gott og réttlát kerfi í samstarfi við stjórnvöld og hins vegar vandaðri og öflugri þjónustu við umsækjendur. Það er rétt að halda því til haga að Rauði krossinn er óhagnaðardrifið félag og ber ekki hagnað af verkefninu. Hagkvæmni verkefnisins fyrir stjórnvöld er því ótvíræð.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að koma á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til að gera nánari grein fyrir umsögn félagsins sé þess óskað.





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2022

2112024SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, mál nr. 167.

Vísað er til erindis frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál.

Almennt

Með tillögunni er leitað eftir staðfestingu Alþingis á fyrirhugaðri breytingu á fjölda og heitum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Um verulegar breytingar er að ræða. Ráðuneytin verða 12 og fjölmargir málaflokkar færast milli ráðuneyta. Mikilvægt er að breytingar gangi vel fyrir sig og að nauðsynleg þekking fylgi á milli ráðuneyta. Í því samhengi má eflaust læra af reynslu undangenginna ára, þar sem finna má dæmi um að skort hafi á það að sérfræðþekking færðist milli ráðuneyta. Að sjálfsögðu getur þó verið eðlilegt að nota tækifærið við breytingar og stokka upp í verkefnum starfsmanna.

Sama ábending á við um þá fjármuni sem málaflokkunum fylgja. Því miður hefur borið á því við yfirfærslu verkefna í Stjórnarráðinu að fjármunir hans færast ekki með þeim í ný ráðuneyti. Sérstaklega leggur sambandið áherslu á að tryggðar verði fjárheimildir til þess að vinna að úrbótum í málefnum barna, sem nú færast á milli ráðuneyta. Óumdeilt er að þörf er á auknu fjármagni til þjónustuúrræða fyrir börn með fjölþættan vanda, sem er eitt af fjölmörgum gráum svæðum í velferðarþjónustu. Einnig er fyrirséð að auka þurfi fjárheimildir til stjórnsýslu menntamála í þeim tilgangi að innleiða menntastefnu til ársins 2030.

Ábendingar sambandsins

Málefni allra ráðuneyta hafa snertifleti við sveitarfélögin þó í mismiklu mæli sé. Í þessari umsögn er sjónum einkum beint að þeim ráðuneytum sem sambandið er í mestum samskiptum við. Þeir málaflokkar sem tilheyra nýju innviðaráðuneyti skipta sveitarfélögin verulegu máli og sama á við um málaflokka nýs félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, nýs mennta- og barnamálaráðuneytis og nýs umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis.

Að álit sambandsins felast mörg spennandi tækifæri í fyrirhuguðum breytingum og uppstokkun málaflokka. Svo viðamiklum breytingum fylgja þó töluverðar áskoranir, sem m.a. snúa að því að ekki verði tímabundið rof í stjórnsýslu einhverra málaflokka. Einnig kann að vera hætt á að breytingar virki í andstæða átt við þau markmið sem unnið er að, þ.e. að til verði grá svæði í opinberri þjónustu. Samhliða

umræddum breytingum verður því að koma á markvissu samstarfi milli ráðuneyta þar sem málaflókkar skarast þar sem tryggt verði að markmið í stefnumótun hins opinbera gangi eftir, þvert á ráðuneyti.

Sem dæmi um framangreint má nefna eftirfarandi atriði:

1. Umræða um málefni leik- og grunnskóla, sem mun heyra undir mennta- og barnamálaráðuneyti, verður ekki skilin frá umræðu um menntun og starfsþróun kennara sem mun heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.
2. Húsnæðismál, sem munu heyra undir innviðaráðuneyti, eru að hluta til félagslegs eðlis en félagsmál heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
3. Ákveðin skörun er milli verkefna nýs félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sem fer með málefni innflytjenda og flóttafólks og tekur jafnframt við þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá dómsmálaráðuneytinu, og dómsmálaráðuneytisins sem áfram fer með málefni útlendinga og ber ábyrgð á Útlendingastofnun.
4. Áfram verður þörf fyrir heildstæða stefnumörkun í mikilvægum málaflókkum sem varða verkefni sveitarfélaga. Sérstaklega kallar sambandið eftir vönduðu samráði um heildstæða stefnu í málefnum aldraðra, með beinni aðkomu fulltrúa sveitarfélaga.
5. Loks er tilefni til að minna á að tímabært er að huga að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga og skipulagslaga, í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þessara laga á þeim liðlega áratug sem þessi lög hafa verið í gildi.

Hér eru aðeins nefnd örfá dæmi um skörun milli ráðuneyta. Vert er hins vegar að halda því til haga að heilt yfir lítur sambandið margar þeirra breytinga sem lagðar eru til mjög jákvæðum augum.

Lokaorð

Það mun reyna mikið á ný ráðuneyti á komandi kjörtímabili enda stendur samfélagið frammi fyrir fjölmörgum áskorunum og tækifærum. Það kallar á mikið samráð ríkis og sveitarfélaga m.a. á sviði loftlagsmála, atvinnumála, velferðarmála sér í lagi í málefnum aldraðra og fatlaðra, menntamála og byggðamála í víðtækum skilningi þess orðs. Sambandið væntir þess því að eiga gott samstarf við hin nýju ráðuneyti um öll málefni er snerta sveitarstjórnarstigið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Reykjavík 4. janúar 2021

Umsögn við þingskjal 169 - 167. mál

Samkvæmt *Forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 125/2021* og *Forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra nr. 126/2021* mun Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra heyra undir ráðuneyti mennta- og barnamála en íslenskt tákniál undir ráðuneyti vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunar. Þá segir í 3. lið greinargerðar í *Tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands* (167. mál) að íslenskt tákniál muni heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneyti. Þar sem íslenskt tákniál varðar öll ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands á sama hátt og íslensk tunga þá getur það heyrt undir öll ofangreind ráðuneyti, hins vegar er mikilvægt að íslenskt tákniál og Samskiptamiðstöð heyri undir sama ráðuneyti enda er Samskiptamiðstöð málstöð íslensks tákniáls.

Virðingarfyllst,

Kristín Lena Þorvaldsdóttir
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður Málnefndar
um íslenskt tákniál

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
bt. Hildar Edwald nefndarritara
Skrifstofu Alþingis, nefndasviði
nefndasvid@althingi.is

Dags. 05.01.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0028
0.5.2

Með erindi dags. 17. desember sl. óskaði Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan fagnar breytingum á Stjórnarráði Íslands eins og lagt er upp með í tillögunni. Sérstaklega að því sem lýtur að starfsumhverfi og verkefnum Veðurstofu Íslands, en undir nýju ráðuneyti er lögð rík áhersla á loftslagsmál og samspil þeirra við umhverfis- og orkumál. Veðurstofan hefur í auknum mæli lagt áherslu á loftslagsmálefni og þá sérstaklega þegar kemur að aðlögun samfélagsins að afleiðingum loftslagsbreytinga, en einnig á tengsl endurnýjanlegrar orku og aðgerða í loftslagsmálum. Þannig hefur Veðurstofan m.a. unnið náið með orkugeiranum að sviðsmyndagerð fyrir þróun endurnýjanlegra orkugjafa í ljósi loftslagssviðsmynda IPCC, sérstaklega vatnsafls, en einnig líforku og vindorku. Þar má m.a. nefna gerð sviðsmynda fyrir þróun jökla í kjölfar hlýnandi loftslags og gerð vindatlass fyrir landið allt. Sú skipan sem nú er lögð fram mun styrkja þessa samþættingu verulega. Einnig er vert að draga fram tengsl loftslagsbreytinga og náttúruvár sem mun styrkjast mjög með aukinni áherslu á loftslagsmálefni og þá sérstaklega aðlögun að breyttri framtíð.

Veðurstofan fagnar einnig aukinni áherslu á rannsóknir og nýsköpun enda forsenda skynsamlegrar áhættustýringar samfélagsins inn í nýjar áskoranir loftslagsbreytinga og áhrifa þeirra á náttúru og samfélag.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Sent með tölvupósti á nefndarsvið@althingi.is

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan Stjórnarráðs Íslands, 167. mál.

Með tölvupósti þann 17. desember sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna ofangreindrar tillögu til þingsályktunar um breytta skipan Stjórnarráðs Íslands, 167. mál lagt fram á 152. Löggjafarþingi. Gefinn er frestur til 4. janúar að skila umsögn um málið.

Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til er flutningur skipulags-, húsnæðis- og mannvirkjamála til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem nefnt verði eftir breytinguna innviðaráðuneyti. Af greinargerð með tillögunni má ætla að þessi breyting miði að því að tryggja meira samræmi áætlana í þessum málaflokkum í því skyni að stuðla að uppbyggingu samgöngukerfa og innviða sem fullnægi ferðapörf með sjálfbærni að leiðarljósi. Vikið er sérstaklega að því að landsskipulagsstefna gegni þar stóru hlutverki.

Skipulagsmál og uppbygging og rekstur samgönguinnviða tengjast óhjákvæmilega með beinum hætti. Þannig geta breytingar á skipulagi kallað á uppbyggingu samgönguinnviða og breytt rekstrarforsendum þeirra. Mikilvægi samráðs á fyrstu stigum og við afgreiðslu skipulagsáætlana verður seint ofmetið. Með virku samráði og samræmingu áætlana er unnt að greiða fyrir uppbyggingu innviða sem uppfylla þarfir samfélagsins fyrir öruggar og greiðar samgöngur.

Vegagerðin tekur með vísan til framangreinds heilshugar undir framangreind markmið sem ætla má að liggja til grundvallar framkomnum tillögum sem eru í samræmi við og styðja við markmið og stefnu stofnunarinnar. Mikilvægt er að útfærsla og framkvæmd fyrirbyggjandi tillagna verði í sem bestu samræmi við það þannig að ávinningur af breytingunum í þágu uppbyggingar samgönguinnviða verði sem mestur.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, mál nr. 167.

Samkvæmt þingsályktunartillögu um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, mál nr. 167 er ráðgert að flytja Ráðgjafar- og greiningarstöð frá félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytinu til mennta og barnamálaráðuneytisins. Með lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna birtist í 1. gr. laganna það meginmarkmið að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Einnig kemur fram: „*Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*”.

Sviðsstjórar velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu styðja þá fyrirætlun að málefni Greiningar- og ráðgjafastöðvar færist yfir til mennta og barnamálaráðuneytisins. Sú ráðstöfun er talin vera í anda þeirrar áherslu sem fram kemur í lögum nr. 86/2021. Það má hins vegar velta fyrir sér hvort greining á stuðningsþörfum fullorðins fatlaðs fólks¹ eigi heima í mennta- og barnamálaráðuneyti, það þarf að leggja mat á hvort fari betur á að það verkefni verði áfram í ráðuneyti félags- og vinnumarkaðsaðgerða.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kemur fram að stjórnvöld eigi að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti. Í 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er að finna almennar meginreglur samningsins m.a. virðing fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni, jöfn tækifæri og aðgengi. Ráðgjafar- og greiningarstöð gegnir lykilhlutverki í þjónustu fatlaðra barna og því er mikilvægt að verkefni hennar verði ekki aðskilin frá ákvæðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum þeim lögbundnu verkefnum sem lúta að heildarþjónustu við fötluð börn, hvort sem um er að ræða rétt barna til þjónustu á grundvelli laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um grunnskóla nr. 91/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlaga nr. 80/2002, barnalaga nr. 76/2003 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Sviðsstjórar velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu telja umrædda breytingu geta stuðlað að því tryggja betur samfellu í þjónustu við fötluð börn og farsæld þeirra. Einnig telja sviðsstjórar mikilvægt að helstu stofnanir á vegum ríkisins sem þjónusta börn séu undir sama ráðuneyti, þ.e. Greiningar- og ráðgjafamiðstöðin og Barna og fjölskyldustofa.

Tryggja verður markvisst samstarf milli mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk og eftirlit með henni verður á verkswiði félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra, sbr. lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og lög nr. 40/1991, um

¹ SIS matið er skilgreint verkefni GRR og tekur til mats á stuðningsþörfum fatlaðs fólks.

félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt þarf að tryggja markvisst samráð við helstu hagsmunasamtök fatlaðra barna, s.s. Landssamtökin Þroskahjálp og félag einstakra barna. Loks má nefna mikilvægi samráðs við heilbrigðisráðuneytið vegna barna sem glíma við geðrænar áskoranir.

Fyrir hönd sviðsstjóra á velferðarsviði höfuðborgarsvæðisins

Svanhildur Þengilsdóttir

Sviðstjóri fjölskyldusviðs Garðabæjar

Til nefndasviðs Alþingis

Þjóðminjasafni Íslands barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Breytingamar eru samkvæmt markmiðum stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar um samhentari stjórnarsýslu málaflokka ásamt samræmdari stefnumótun um þær áskoranir sem við blasa m.a. á sviði umhverfismála, tækniþróunar og menningar. Samkvæmt tillögunni munu háskólar, vísindi, iðnaður og nýsköpun sameinast í einu ráðuneyti, málefni menningar og viðskipta í öðru og málefni barna og skóla í því þriðja. Þjóðminjasafn Íslands á í raun samleið með öllum ráðuneytum þremur vegna lögbundins hlutverks þess. Þjóðminjasafn Íslands hefur lengst af tilheyrt skrifstofu menningarmála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu ef frá eru talin árin 2013 – 2016 þegar Þjóðminjasafn Íslands var fært undir forræði forsætisráðuneytis með forsetaúrskurði nr. 71/2013. Þá var framkvæmd laga um stofnunina færð til forsætisráðuneytisins en framkvæmd safnalaga tilheyrði hins vegar áfram mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Það háði þó ekki faglegri samvinnu Þjóðminjasafns Íslands sem höfuðsafs og annarra viðurkenndra safna sem áttu áfram í samstarfi þvert á mörk ráðuneyta í anda samhentrar stjórnarsýslu.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og starfar skv. lögum um stofnunina nr.140/2011, lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og safnalögum nr. 141/2011. Stofnunin annast varðveislu menningararfs, þekkingarsköpun, kynningu og þjónustu til landsmanna og gesta, innan lands og utan. Þjóðminjasafni Íslands er ætlað að standa fyrir og stuðla að rannsóknum á menningarsögulegum minjum um sögu Íslands, kennslu og útgáfu fræðilegra rita þar um. Sem leiðandi höfuðsafn er Þjóðminjasafnið viðurkenndum menningarminjasöfnum til ráðgjafar og mótár samræmda safnastefnu á sviði menningarminja.

Þjóðminjasafn Íslands er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag skv. 1.gr. laga um stofnunina. Formlegir samstarfssamningar Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands hafa frá árinu 2003 verið til grundvallar margþættri samvinnu stofnananna, m.a. um kennslu, rannsóknir og vísindi (sjá fylgiskjal). Árið 2013 tóku gildi sérstök lög um Þjóðminjasafn Íslands þar sem hlutverk þess háskólastofnunar var staðfest.

Hér er lagt til að Þjóðminjasafn Íslands sem er háskólastofnun verði fært undir forræði ráðuneytis háskóla og vísinda vegna samlegðar þess með háskólum og háskólastofnunum. Þjóðminjasafn Íslands hefði að auki sterk tengsl við ráðuneyti menningar og viðskipta vegna hlutverks þess á sviði menningar og ferðaþjónustu og í anda þeirrar samhentur stjórnarsýslu sem stefnt er að því að efla með breytingunum. Með því að staðsetja Þjóðminjasafn Íslands með málefnum háskóla og vísinda yrði unnt að efla enn frekar hlutverk höfuðsafsins á sviði rannsókna, vísinda og kennslu og þátttöku þess í framsæknu starfi háskólanna og háskólastofnananna um farsælt og hugverkadrifið samfélag.

Virðingarfylst,

Með kveðju / Kind regards
Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður / Director General